Konur og úreltir minnisvarðar

Tímamót ➤ 12

Skattsvikari hélt dagbók í fangelsi

Lífið ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ

141. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is MIÐVIKUDAGUR 13. JÚLÍ 2022

Fyrstu ljósmyndir frá James Webb-sjónaukanum voru birtar í gær. Hér má sjá Stefáns-kvintettinn sem er samansafn fimm vetrarbrauta sem hver og ein inniheldur milljónir stjarna. MYND/NASA

Mikill heimilislæknaskortur á Íslandi

Alls 847 íslenskir læknar eru starfandi erlendis en læknaskortur er á Íslandi. Einkum er skortur á heimilislæknum. Ísland hefur mun færri slíka en flest Evrópulönd.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Aðeins sextíu heimilislæknar eru á hverja eitt hundrað þúsund Íslendinga. Hlutfallið er með því lægsta sem gerist í Evrópu.

Á Íslandi eru einnig langfæstir barnalæknar hlutfallslega, samkvæmt tölum Evrópusambandsins. Samkvæmt tölum Læknafélagsins eru 847 íslenskir læknar starfandi erlendis.

Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélagsins, segir starfsumhverfið erfitt fyrir heimilislækna á Íslandi. Álagið sé mikið og verkefnin óljós. Sumir þeirra séu með tvöfaldan eðlilegan fjölda skjólstæðinga en í Svíþjóð, sem dæmi, hafi nýlega verið sett þak upp á 1.100 skráða skjólstæðinga á hvern heimilislækni.

„Innan heilsugæslunnar er illa skilgreint hvað sé hámarksálag á heimilislækni og ekkert þak á fjölda skjólstæðinga," segir Steinunn.

Á heimilislæknum lenda að sögn Steinunnar oft flókin verkefni sem ættu að vera á borði annarra sérfræðilækna eða fagstétta.

„Þau lenda oft í að vera sálfræðingur, félagsráðgjafi og allt mögulegt fyrir fólk, því það vantar fólk úr þeim stéttum á heilsugæsluna."

> Innan heilsugæslunnar er illa skilgreint hvað sé hámarksálag á heimilislækni og ekkert þak á fjölda skjólstæðinga.
>
> Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélags Íslands

Aðeins Grikkir og Pólverjar eru með færri heimilislækna en Íslendingar. Almennt séð eru Vestur-Evrópuríki með um og yfir 100 heimilislækna á hverja 100 þúsund íbúa en Portúgalar skera sig úr með nærri 300. Finnar eiga meira en tvöfalt fleiri heimilislækna en Íslendingar.

Staðan er verri er kemur að barnalæknum. Þar er Ísland langneðst. Í öðrum sérfræðigreinum, svo sem kvensjúkdómalækningum, geðlækningum og skurðlækningum, er Ísland yfirleitt um miðjan lista en í fáum greinum ofarlega á blaði.

Nánar á frettabladid.is

Hefur áhyggjur eins og þjóðin

SJÁVARÚTVEGUR „Jú, ég hef áhyggjur af þessu eins og öll þjóðin, held ég, og það er ekki gott að samþjöppunin í sjávarútvegi verði svona mikil," segir Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, um söluna á útgerðarfélaginu Vísi til Síldarvinnslunnar.

Rætt var við Grindvíkinga á förnum vegi í gær og voru skoðanir skiptar þótt flestir hefðu ekki áhyggjur. Hulda Halldórsdóttir sagðist treysta því að áfram yrði gert út með sama hætti. „Fólkið sem er að selja segir það og ég treysti því," segir Hulda.

„Fjölskyldufyrirtæki lenda alltaf á þessum tímapunkti fyrir rest," segir Pétur Hafsteinn Pálsson, einn af eigendum Vísis. SJÁ SÍÐU 6

Hafnar gagnrýni atvinnurekenda

bth@frettabladid.is

JAFNRÉTTI Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir þá sem eru í efri lögum launalega hjá hinu opinbera ekki eiga að vera leiðandi í launaþróun. Hins vegar sé jákvætt að kjarabætur hafi orðið hjá kvennastéttum hjá hinu opinbera.

Samtök atvinnulífsins hafa sagt að einkarekinn atvinnumarkaður eigi erfitt með að keppa við ríkið vegna launaskriðs opinberra starfsmanna. Ríkið sogi til sín hæfa starfskrafta. Hætta sé á spekileka í vissum greinum þar sem laun ríkisstarfsmanna séu komin úr böndunum.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

„Við höfum fylgst mjög vel með launaþróun á kjaramarkaði," segir Katrín sem bendir á að kvennastéttir innan opinbera geirans hafi fengið sanngjarnar kjarabætur sem skýri uppbætur launa að hluta. „Aftur á móti þá eigum við sem erum í efri lögum kjaralega hjá ríkinu ekki að vera leiðandi í launaþróun."

Spurð hvort gengið hafi verið of langt í launahækkunum opinberra starfsmanna svarar forsætisráðherra: „Það tel ég ekki vera." ■

Svíþjóðarmeistararnir mættu í Fossvoginn

Víkingur mætti í gærkvöld ríkjandi Svíþjóðarmeisturum í fótbolta í undankeppni Meistaradeildar Evrópu. Um var að ræða síðari leik liðanna sem mæst höfðu ytra viku áður. Þeim leik lauk með 3-2 sigri Svíanna. Voru stuðningsmenn í Fossvogi því bjartsýnir á að takast myndi að slá sænska liðið úr keppni. Tíu mínútur voru til leiksloka er Fréttablaðið fór í prentun og staðan 3- 3 og æsispennandi lokakafli fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lægðapartí á hálendinu í sumar

thorgrimur@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA „Mér sýnist þetta ætla að vera eitthvert lægðapartí hérna hjá okkur," segir Selma Malmquist, skálavörður í Dreka við Dyngjufjöll, um veðurhorfur á hálendinu í sumar. Þetta hafi áhrif á tilhögun undirbúnings fyrir ferðir göngugarpa um svæðið.

„Það hafa verið til skiptis hjá okkur dagar þar sem er 15-20 stiga hiti, logn og sól. Þá er maður bara úti á hlýrabolnum. Svo koma dagar eins og í dag, þá er bara rigning og rok og maður er rennandi blautur þegar farið er á milli húsa," segir Selma.

Landverðir og skálaverðir tala við og leiðbeina öllum sem eiga leið hjá Dreka á ferð um hálendið, að sögn Selmu. Flestir komi á bíl en aðrir gangandi upp Dyngjufjalladal, þar sem nokkrir skálar eru.

Aðspurð hvaða ráð hún gæfi

Frá sjónarhóli Dreka er ekki von á blíðviðri í sumar.

göngugörpum sem hyggjast leggja hálendið undir fót segir Selma að fólk þurfi að vera viðbúið margs konar veðri.

„Maður er í hlýrabolnum annan daginn og svo úlpu og regnjakka hinn daginn. Maður á að vera tilbúinn að breyta plönum sínum og bíða af sér veðrið ef þess þarf." ■

Hegðun Íslendinga verið til fyrirmyndar í Manchester

Fulltrúi íslenska sendiráðsins á Englandi segir það heiður að taka þátt í skipulagningu í kringum stuðningsmenn EM-liðs Íslands. Hún kvíðir þó væntanlegri hitabylgju.

kristinnpall@frettabladid.is

EM 2022 „Við erum bara á fullu að undirbúa næsta leik," segir Þurý Björk Björgvinsdóttir, sendiráðunautur hjá íslenska sendiráðinu í Bretlandi, létt í lund en það er í nógu að snúast hjá henni.

Þurý kemur að skipulagningu stuðningsmannasvæðisins fyrir leiki Stelpnanna okkar á EM.

„Við erum bara mjög ánægð með fyrsta leikinn. Það var ákveðin óvissa um hversu margir myndu mæta og hvernig stemningin yrði en fólk var farið að safnast saman fyrir opnun. Það hjálpaði vissulega til að það var glampandi sól og það var strax hægt að sjá fjölmargar bláar treyjur," segir Þurý spurð um það hvernig fyrsti leikurinn hafi gengið.

Að sögn Þurýjar hafa yfirvöld verið ánægð með framkvæmdina og að stuðningsmannasveit Íslands hafi verið til fyrirmyndar.

„Það komu engin atvik upp eða neitt slíkt, þannig að það var mjög mikil ánægja hjá yfirvöldum hérna, sérstaklega þar sem það eru alls ekki allir sem eru að leggja jafnmikið í þetta og við Íslendingar," útskýrir Þurý. Skemmtileg fjölskyldustemning hafi myndast. „Enda nóg um að vera fyrir börnin og skemmtileg tónlist á staðnum. Mér fannst fólk mjög duglegt að blanda geði og skemmta sér saman," segir Þurý.

Banaslysið sem varð hjá stuðningsmannasvæðinu á sunnudagskvöld eftir fyrsta leik Íslands varpaði sorgarskugga á góðan dag að sögn Þurýjar.

„Ég fór á staðinn til að kanna

Þuríður, hér í hvítu landsliðstreyjunni, ásamt Katrínu Jakobsdóttur og Vöndu Sigurgeirsdóttur í skrúðgöngu Tólfunnar í átt að vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Ég hef meiri áhyggjur af mánudeginum þegar við mætum Frökkum á sama degi og búist er við því að hitametið falli í Bretlandi.
>
> Þurý Björk Björgvinsdóttir, sendiráðunautur á Englandi

aðstæður og ræða við sjónarvotta til að kanna hvort Íslendingur hefði lent í þessu hræðilega slysi. Borgaraþjónustan leikur afar mikilvægt hlutverk hjá okkur í utanríkisþjónustunni, sérstaklega þar sem margir landar okkar eru samankomnir," segir hún.

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Þurý er að skipuleggja slíka viðburði á stórmótum.

„Það er að mjög mörgu að huga en ofboðslega gaman og ótrúlega skemmtilegt. Ég fór sem stuðningur við sendiráðið í Moskvu á HM 2018 og fékk dýrmæta reynslu þar. Það er ótrúlegur heiður og forréttindi að taka þátt í svona verkefni."

Þurý segir sendiráðið koma áleiðis skilaboðum um að fólk gæti sín í sólinni enda hitabylgja væntanleg til Englands og er von á því að hitametið í Bretlandi falli á sunnudag eða mánudag.

„Við höfum verið að koma skilaboðum áleiðis á Facebook. Það var gefin út viðvörun fyrir leikinn gegn Belgum. Veðurspáin segir að það verði 19 stiga hiti gegn Ítölum, sem er í lagi. Ég hef meiri áhyggjur af mánudeginum þegar við mætum Frökkum á sama degi og búist er við að hitametið falli í Bretlandi," segir Þurý.

„Það er gríðarlega mikilvægt að vera með sólarvörn, drekka mikið af vökva og undirbúa sig vel. Það voru margir rauðir í kinnum eftir síðasta leik." ■

BMW iX xDrive40 Atelier

Verð: 10.990.000 kr.

Með tveimur öflugum rafmótorum og BMW xDrive rafknúna alhjóladrifinu býður BMW iX upp á framúrskarandi rafmagnsafköst. Með 425 km drægni** er BMW iX xDrive40 tilvalinn fyrir bæði innanbæjarakstur og lengri ferðalög. Komdu, skoðaðu og reynsluaktu nýjum iX og upplifðu sígild BMW gæði og glæsileika.

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.bmw.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Vilja byggja þrjátíu og fimm þúsund íbúðir á einum áratug

thorgrimur@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Skrifað var undir nýjan rammasamning um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði frá 2023 til 2032 í gær.

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra kynnti markmið stjórnarinnar um aukið framboð á húsnæði á næstu árum. Áætlað er í samningnum að byggja þurfi 35 þúsund íbúðir um allt Ísland á næstu tíu árum.

Aðspurður hvort hann telji það auðvelda framkvæmd húsnæðisstefnunnar að Framsókn sé í meirihlutasamstarfi í Reykjavík segir Sigurður það ekki skemma fyrir.

Sigurður Ingi skrifaði undir rammasamning um uppbyggingu húsnæðis á næstu árum hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég tók alla vega eftir því að sama hvar við buðum fram í sveitarstjórnarkosningunum lögðu menn mikla áherslu á húsnæðismál. Ég held að allir séu tilbúnir að leggja mikla áherslu á þau. Samstarfið verður þó örugglega ekki erfiðara.“

Sigurður segir nú setta fram langtímabyggingarstefnu sem verði minna háð sveiflum í eftirspurn og efnahagslífi.

„Ef við byggjum algjörlega eftir þeim, þá erum við í fortíðinni. Við erum að reyna að fara frá henni, fara lengra, hafa skýr markmið og ná þeim fram með samningum, meðal annars við sveitarfélögin um að framkalla nægilega margar byggingarhæfar lóðir á hverjum tíma.“

Áætlanirnar segir Sigurður að verði endurmetnar árlega og samningar gerðir við hvert sveitarfélag.

„Hér á höfuðborgarsvæðinu er hin augljósa áskorun að það er skortur á íbúðarhúsnæði. Svo er líka víðast um land ákall um að byggja þar sem kostnaður við að byggja er undir markaðsvirði.“ ■

John Snorri og fjölskylda hans.

John hvíli við K2

sigurjon@frettabladid.is

FÓLK Fjölskylda Johns Snorra Sigurjónssonar vill að hann verði jarðaður við fjallið K2 í Pakistan. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Línu Móeyju Bjarnadóttur, ekkju Johns Snorra.

John Snorri lést í fyrra er hann reyndi að klífa K2 og ætlaði að verða sá fyrsti til að ná því að vetri til.

Ef lík Johns Snorra næst ekki af fjallinu óskar fjölskyldan eftir því að lík hans verði fært af gönguleiðinni upp á fjallið. ■

Amelía Rose getur ekki talist gömul

ragnarjon@frettabladid.is

DÓMSMÁL Dómur féll í máli Seatrips ehf. gegn Samgöngustofu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Seatrips taldi Samgöngustofu hafa brotið stjórnsýslulög gagnvart fyrirtækinu. Bæði vegna stöðvunar á farþegaflutningum með skipinu Amelíu Rose en einnig vegna höfnunar á því að skipið yrði skráð sem „gamalt“ skip og þannig undanþegið strangari kröfum um farþegafjölda og farsvið.

Ekki þótti hægt að sanna að skipið teldist gamalt og var Samgöngustofa því sýknuð af öllum kröfum. ■

Fjárfestar vilja vindorkuver á hafi úti

Vindorka innanlands er rækilega komin á dagskrá, að sögn fjármálaráðherra. Ásókn eftir hafsvæðum undir vindmyllur er hafin. Forsætisráðherra vill fara varlega og tryggja regluverk áður en einkaaðilar helgi sér lönd. Sporin hræði.

bth@frettabladid.is

Fjármálaráðherra segist hafa heyrt í aðilum sem vilji fá hafsvæði til úthlutunar vegna beislunar vindorku. Fljótandi vindmyllur hefur borið á góma í samtölum forsætisráðherra við erlenda þjóðhöfðingja. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ORKUMÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að vindorka sé komin á dagskrá hjá íslenskum stjórnvöldum. Nú komi landsmönnum vel að hafa verið sein til við beislun vindorku, enda geti Ísland lært af mistökum annarra ríkja.

Forsætisráðherra varar við að einkaaðilar fái að helga sér lönd í vindorkuskyni. Mikilvægt sé að skýr opinber stefnumörkun eigi sér stað áður en framkvæmdir hefjist.

Fréttablaðið fjallaði um möguleika á nýtingu vindorku í gær eftir að Dalabyggð fékk samþykki Skipulagsstofnunar fyrir breytingu á aðalskipulagi undir vindorkuver fyrir almennan markað. Er það í fyrsta skipti samþykkt hér á landi.

Fram kom að jafnvel þúsundir megavatta gætu orðið til ef sátt næst um vindorkugarða á sjó eða á landi.

„Það er skortur á orku og við stöndum á tímamótum hvað varðar valkosti vegna vindorkunnar. Ég held að við ættum að greiða úr þeim álitaefnum sem hér eru innanlands áður en við veltum fyrir okkur sæstreng,“ segir Bjarni Benediktsson.

Bjarni segir að Íslendingar þurfi nú sem þjóð að vanda sig.

„Það er kostur hvað við erum komin skammt á veg því við getum lært af mistökum annarra,“ segir Bjarni. „Við þurfum að gæta þess að vindmyllur rísi ekki um allt land, ekki á hverjum hól og í hverjum dal heldur nálægt tengivirkjum. Við þurfum að hámarka möguleika okkar á sama tíma og við lágmörkum sjónræn áhrif.“

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Vindorkan hefur að sögn fjármálaráðherra orðið mjög samkeppnishæf á fáum árum.

„Frábær viðbót með vatnsafli,“ segir Bjarni. „Vindorkan er komin mjög rækilega á dagskrá. Það væri glapræði að nýta ekki þau gríðarlegu tækifæri sem eru í vindorku til að láta orkuskiptin ganga í gegn.“

Rætt hefur verið að sjónræn áhrif standi helst í Íslendingum, enda mannvirki vindorkugarða risavaxin. Áhrifin kynnu að verða minna álitaefni ef vindmyllur rísa í sjó. Bjarni upplýsir að hann hafi heyrt í aðilum sem vilji fá hafsvæði til úthlutunar til að kanna beislun vindorkunnar.

„Mér finnst líklegt að orkuverð ráði framhaldinu. Þetta eru dýrari lausnir, en maður skyldi ekki útiloka neitt. Það er verið að reisa vindmyllur í sjó ekki langt fyrir sunnan okkur,“ segir Bjarni. „Það er augljóst að við þurfum þessa viðbót.“

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra telur ástæðu til að fara varlega. Í vindorkumálunum sé í uppsiglingu ástand sem kalli á strangt regluverk. Hægt sé að hafa stjórn á framhaldinu en fyrst þurfi tafarlaust inngrip stjórnvalda.

„Bæði innlendir og erlendir aðilar eru að reyna að helga sér svæði en það er ekki hægt að ráðast í neinar framkvæmdir fyrr en stefnumörkun liggur fyrir um hvernig við hegðum gjaldtöku. Við þurfum að læra af sögunni,“ segir forsætisráðherra og er væntanlega að vísa í kvótakerfið og framsal aflaheimilda úr sameiginlegri auðlind landsmanna.

Katrín nefnir að umhverfisráðherra hafi stofnað starfshóp um vind í hafi. Hún segir að vindorkumál beri iðulega á góma í samtölum hennar við forsætisráðherra annarra landa.

„Það eru allar þjóðir að horfa til vindorkuvera. Jafnvel er talað um fljótandi vindmyllur eða lengra úti á hafi,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. ■

Eldhús-innréttingar

Parki INTERIORS

Vandaðar og stílhreinar innréttingar frá franska fyrirtækinu SCHMIDT.
10 ára ábyrgð. Innréttingarnar koma fullsamsettar til landsins

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu
við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf

Parki INTERIORS **Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

FULLKOMNAR Í FRÍIÐ

Sannkallaður yndislestur.

Náðu þér í kilju fyrir fríið á forlagid.is eða í Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð 39.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | www.forlagid.is

Ísland verði beintengt við Japan með risavöxnum sæstreng

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJARSKIPTI Gagnaversfyrirtæki frá Alaska vinnur nú að því að leggja risavaxinn sæstreng frá Japan til Írlands sem hægt er að beintengja við Ísland í gegnum ÍRIS-strenginn sem verið er að leggja.

Þetta myndi opna möguleika og markaði fyrir íslensk gagnaver í Austur-Asíu.

„Tækifærið fyrir okkur er að strengurinn lendir á sama stað á Írlandi og okkar strengur," segir Þorvarður Sveinsson, framkvæmdastjóri Farice. „Þetta er frábær leið fyrir okkur til að ná beintengingu til Japan."

Lengi hafa verið uppi hugmyndir um að leggja streng frá Evrópu til Austur-Asíu yfir norðurheimskautið. En fram að þessu hefur aðallega verið horft til austurleiðarinnar, norður fyrir Noreg og meðfram langri strönd Rússlands.

Fyrirtækið Far North Digital vinnur nú að fjármögnun 14 þúsund kílómetra strengs sem liggja myndi frá Galway á vesturströnd Írlands norðvestur eftir strönd Grænlands, þræða kanadísku eyjarnar, í gegnum Beringssund og suður Kyrrahafið til Japan.

„Þetta er risastórt verkefni," segir Þorvarður. Það sé þó háð fyrirvara um fjármögnun, sem Far North Digital vinni að því að fá hjá fjárfestingarbönkum og stórum aðilum á tæknimarkaði sem þurfa mikla bandvídd milli Evrópu og Asíu.

Fjórtán þúsund kílómetra sæstrengur um norðurskautið er á teikniborðinu.

Nú er verið að leggja ÍRIS-strenginn, frá Þorlákshöfn til Galway, en hann er 1.780 kílómetrar. Fyrir eru strengir til Danmerkur og Skotlands.

Þorvarður segir að nær öll almenn netumferð Íslendinga fari til og frá Evrópu og svo verði áfram þrátt fyrir beintenginguna til Japan. Miklir möguleikar myndu hins vegar opnast fyrir íslensk gagnaver, enda stórir markaðir í Japan, Suður-Kóreu og víðar.

Stefnt er að því að klára verkefnið árið 2026. ■

Flugvélin Zephyr S. MYND/AIRBUS

Flaug í tuttugu og sex daga án hlés

sigurjon@frettabladid.is

FLUG Sett var met fyrir lengsta flug ómannaðrar flugvélar þegar flugvélin Zephyr S flaug stanslaust í tuttugu og sex daga. Sama flugvél átti gamla metið en það var sett árið 2018. Flugvélin er í eigu bandaríska flugvélaframleiðandans Airbus.

Zephyr S flaug í gufuhvolfinu svo hún yrði ekki fyrir farþegaflugvélum og lenti ekki í of vondu veðri.

Sólarorka knýr vélina áfram, en rafhlöður eru um borð í henni svo hún geti flogið að næturlagi. Vélin þarf því ekki að stoppa til þess að bæta við eldsneyti.

Vænghaf flugvélarinnar er tuttugu og fimm metrar og hún vegur einungis sjötíu og fimm kíló. ■

Samkynhneigðir vilja sömu réttindi og aðrir í Úkraínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Samkynhneigðir í Úkraínu geti gifst

ragnarjon@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Nægilega mörgum undirskriftum hefur verið safnað til að Volodímír Selenskíj, forseti Úkraínu, taki réttindi samkynhneigðra til hjónabands til skoðunar.

Safnast hafa 28 þúsund undirskriftir sem dugar til þess að málið verði tekið fyrir og hefur Selenskíj nú tíu daga til að bregðast við.

Samkynhneigð er ekki talin glæpur í Úkraínu en hjónaband samkynhneigðra er þó ekki leyft. Þetta hefur valdið vandamálum meðal samkynhneigðra hermanna sem ekki eru skráðir í hjónaband þar sem aðeins fjölskyldumeðlimir mega sækja líkamsleifar og grafa þær. ■

Margir vongóðir í Grindavík en sumir reikna nú með því versta

Þau stórtíðindi urðu í íslenskum sjávarútvegi í gær að Síldarvinnslan hf. í Neskaupstað keypti útgerðarfyrirtækið Vísi í Grindavík. Það þýðir að tvö af stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins renna saman í eitt, ef Samkeppniseftirlitið samþykkir kaupin.

elinhirst@frettabladid.is

SJÁVARÚTVEGUR „Jú, ég hef áhyggjur af þessu eins og öll þjóðin, held ég, og það er ekki gott að samþjöppunin í sjávarútvegi verði svona mikil," segir Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur. „En þetta virðist bara vera að gerast mjög hratt, miklu hraðar en fólk hafði trú á."

Söluverð útgerðarfélagsins Vísis í Grindavík er 31 milljarður króna. Eigendur fyrirtækisins verða kjölfestufjárfestar í Síldarvinnslunni og fá auk þess 30 prósent kaupverðsins greidd í reiðufé. Vísir er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar í 55 ár.

Væntanlegar aflaheimildir Vísis á fiskveiðiárinu 2022–2023 nema um 15 þúsund þorskígildistonnum, samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni. Ársveltan var rúmlega 10 milljarðar króna og hagnaður ársins liðlega 800 milljónir króna. Síldarvinnslan hf. er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og er helsti framleiðandi uppsjávarafurða á Íslandi.

Síldarvinnslan er skráð í Kauphöll Íslands og eru hluthafar hátt í fimm þúsund. Á fiskveiðiárinu 2022–2023 eru væntanlegar aflaheimildir samstæðunnar liðlega 36 þúsund þorskígildistonn. Ársveltan 2021 var yfir 30 milljarðar króna og hagnaður um 11 milljarðar króna.

„Fjölskyldufyrirtæki lenda alltaf á þessum tímapunkti fyrir rest," segir Pétur Hafsteinn Pálsson, forstjóri og einn af eigendum útgerðarfélagsins Vísis í Grindavík, um söluna á fyrirtækinu. „Þetta voru sex fjölskyldur sem áttu Vísi, nú verða það fimm þúsund manns því Síldarvinnslan er almenningshlutafélag," segir Pétur.

Fréttablaðið heimsótti Grindavík í gær og tók nokkra bæjarbúa tali um þessi stóru tíðindi fyrir atvinnulíf bæjarins.

Flestir voru jákvæðir og töldu enga ástæðu til að hafa áhyggjur af framtíð Grindavíkur. Þó voru aðrir sem sögðust óttast útþenslu Samherja, sem er stærsti hluthafinn í Síldarvinnslunni hf. sem kaupir Vísi ef Samkeppniseftirlitið samþykkir viðskiptin.

Skrifstofur Vísis í Grindavík þar sem sama fjölskyldan hefur ráðið ríkjum í 55 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR FJELSTED

Pétur Hafsteinn Pálsson, forstjóri Vísis í Grindavík og einn aðaleigenda.

Einar Hannes Harðarson, formaður Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur.

Þorbjörn Ingi Ólafsson, íbúi í Grindavík.

Hulda Halldórsdóttir, íbúi í Grindavík.

Óli Ólafsson, íbúi í Grindavík.

Gerður Tómasdóttir, íbúi í Grindavík.

„Samherji hefur farið ránshendi um landið og er þetta ekki sama dæmið?" segir Þorbjörn Ingi Ólafsson, íbúi í Grindavík. „Ég hef áhyggjur af þessu en vonum það besta, en reiknum með því versta," segir hann.

„Mér líst bara vel á þetta," segir Hulda Halldórsdóttir, íbúi í Grindavík. „Ef fyrirtækið helst í plássinu, eins og þeir segja að það geri og ég held það líka. Fólkið sem er að selja segir það og ég treysti því. Það er flott fólk."

Ertu búin að hugsa eitthvað um þessi kaup Síldarvinnslunnar á Vísi?

„Já, hvað er að því?" segir Gerður Tómasdóttir, íbúi í bænum. „Þetta er bara eðlilegasti hlutur í heimi."

> Þetta styrkir atvinnustarfsemina hér í Grindavík.
>
> Óli Ólafsson, íbúi í Grindavík

Ertu ekkert hrædd um að þetta muni þýða breytingar hér í Grindavík?

„Nei, ég held að þetta gæti orðið til góðs."

„Ég er gríðarlega jákvæður," segir Óli Ólafsson íbúi.

„Þetta styrkir atvinnustarfsemina hér í Grindavík. Bolfiskvinnslan hérna hjá Vísi mun eflast við þetta. Og ég er alls ekki hræddur við kvótasamþjöppun, ég er 100 prósent stuðningsmaður stórútgerðarinnar," segir Óli Ólafsson. ■

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

AKU
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

- Aukin mýkt við ökkla
- Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn
- 2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
- Dempun
- IMS: Kerfi sem gefur aukna mýkt niður í sólann
- AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
- Náttúruvænt hágæða leður, LWG vottað
- Reimalæsing, sitthvor stillingin fyrir rist og ökkla
- Rúllukefli sem heldur jafnri spennu á reimum
- 2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
- Custom fit innlegg
- Vibram sóli

Stingum af...

AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Skoðun

Guðmundur Gunnarsson

Sundrung

Kaup Síldarvinnslunnar á útgerðarfélaginu Vísi hafa vakið upp alls konar viðbrögð. Sum sterk, önnur hófstillt.

Eins og jafnan þegar einn eigandi auðlindarinnar étur annan, fer sæluhrollur um suma á meðan þrumuský færist yfir aðra. Þetta er ekkert nýtt.

Tilfinningar okkar, sem fiskveiðiþjóðar, hafa alltaf verið mjög blendnar þegar kemur að vendingum í sjávarútvegi.

Við tökumst á um eignarhald, kvótaþak, veiðigjöld og sægreifa. Allt sem snýr að auðlindinni verður okkur að vopni í átökum sem hafa staðið yfir svo áratugum skiptir.

En í gær birti dulítið til. Á tröppunum fyrir utan Stjórnarráðið.

Þar stóðu tveir ráðherrar og lýstu í mesta sakleysi upplifun sinn af viðskiptunum í Grindavík. Eins og tíðkast.

Nema hvað að viðburðurinn snérist skyndilega upp í einhvers konar undarlegan gjörning.

Samspil tveggja valdamikilla einstaklinga, sem tala svo gjörsamlega í kross um einn og sama atburðinn að það er allt að því fallegt.

Þarna stóðu þeir sem sagt hlið við hlið. Hvor á sinni gangstéttarhellunni. Ráðherrann sem hefur þungar áhyggjum af gjörningnum í Grindavík, og ráðherrann sem hefur nákvæmlega engar áhyggjur af gjörningnum í Grindavík.

Upplifun þeirra var svo dásamlega ólík að á meðan annar talaði um hvernig viðskiptin ali á sundrungu, taldi hinn hálfgerða fjarstæðu að halda slíku fram.

Í minni heimabyggð var það alltaf talið veikleikamerki um borð í skipi ef misvísandi skilaboð bárust úr brúnni.

Ég held að það eigi ekki við í þessu tilfelli. Þetta er undantekningin sem sannar regluna.

Skilaboð ráðherranna voru vissulega misvísandi, en þau voru bara svo fjári upplýsandi að þeim fyrirgefst allt annað.

Þarna er hún nefnilega. Sundrungin sem alltaf er verið að vísa til. Þarna eru skilin. Á gangstéttinni fyrir utan Stjórnarráðið. Þau sem eiga að sameina okkur eru þau sem sundra okkur.

Fólkið sem fer með lyklavöldin er svo einlæglega ósammála um sjávarauðlindina að upplifun þess á einstökum atburðum í greininni er eins og svart og hvítt.

Ég verð að segja að mér líður svo miklu betur í sundrunginni eftir þessa notalegu stund á tröppum Stjórnarráðsins.

Sundrungin er ekki hjá okkur, hún liggur hjá þeim. ■

Stefán Baxter, stofnandi og eigandi Snjallgagna, segir að það sé mikilvægt að Íslendingar átti sig á því hvar styrkleikar þeirra liggi. FRÉTTABLADIÐ/VALLI

Íslendingar eigi þrautseigjusigra

Magdalena Anna Torfadóttir
magdalena@frettabladid.is

Stofnandi og eigandi nýsköpunarfyrirtækisins Snjallgögn segir óraunhæft að gera ráð fyrir að íslensk sprotafyrirtæki slái í gegn á heimsvísu innan 4–6 ára frá stofnun. Við eigum einfaldlega ekki fólkið sem kann að hlaupa á þeim hraða sem slíkt krefst og mikilvægt sé að nýta okkar styrkleika.

Það þýðir lítið að stilla upp langhlaupurum til að keppa í sprettuhlaupi og það sama á við þegar kemur að nýsköpun. Þetta segir Stefán Baxter, eigandi nýsköpunarfyrirtækisins Snjallgögn. Hann segir Íslendinga eiga marga glæsilega þrautseigjusigra þegar kemur að nýsköpun og að mörg af flottustu fyrirtækjum landsins hafi þurft áratug, eða meira, í að springa almennilega út.

„Þessi „Silicon Valley-hraði" er langsóttur hér. Sumir virðast halda að hægt sé að vinna risasigra á innan við 4–6 árum frá stofnun en það er oftast ekki raunin," segir Stefán og bætir við að staðreyndin sé sú að við eigum ekki nógu margt fólk sem getur hlaupið á þeim hraða.

„Það er svo mikilvægt að við stillum okkur af og áttum okkur á því hvar okkar styrkleikar liggja en á sama tíma að þjálfa upp nýja styrkleika."

Stefán segir að hafa megi í huga að Ísland sé, að mörgu leyti, á aðdáunarverðum stað hvað nýsköpun varðar.

„Það hafa átt sér stað gífurlegar breytingar á nýsköpunarumhverfinu hér á landi á síðastliðnum áratug. Þegar ég byrjaði mitt sprotabrölt, 18 ára, var ekkert umhverfi til staðar fyrir nýsköpunarfyrirtæki eða stuðningur við annað en sjávarútveg. Það hefur breyst til hins betra jafnt og þétt. Í dag taka ungir frumkvöðlar þessu frábæra nýsköpunarumhverfi sem við búum við sem sjálfsögðum hlut. Það er í senn algerlega frábært og smá sorglegt."

Hann segist vera einstaklega ánægður með að það sé komin ný kynslóð af frumkvöðlum sem þekki ekki annað en gott kerfi en geri þó kröfur um enn betra. Á síðustu tíu árum hafi margt breyst í þessum efnum og það hafi verið forréttindi að hafa orðið vitni að þessari breytingu sem hefur átt sér stað í nýsköpunarumhverfinu. Stjórnvöld hafi staðið sig mjög vel í að búa til gott umhverfi fyrir nýsköpun til að blómstra en þó megi ávallt gera betur.

„Við gerum mjög vel til dæmis í endurgreiðslum á þróunarkostnaði en það er úrræði sem hentar stærri fyrirtækjum betur en þeim smærri. Það myndi henta smærri fyrirtækjum betur að sleppa því að borga launatengd gjöld eða að endurgreiðslu sé flýtt. Stóru fyrirtækin hafa tök á því að bíða í allt að 18 mánuði eftir endurgreiðslunni en minni fyrirtækin geta það síður."

> **Í dag taka ungir frumkvöðlar þessu frábæra nýsköpunarumhverfi sem við búum við sem sjálfsögðum hlut.**

Stefán hefur unnið við gögn í um 35 ár og hann hefur gengið með hugmyndina á bak við Snjallgögn í maganum í nokkur ár. Snjallgögn veita gagnaþjónustu sem hjálpar fyrirtækjum og greinendum að nálgast allar ytri upplýsingar með einföldum hætti þegar þau vinna sínar greiningar.

„Fyrirtæki vilja verða gagnadrifin og núna nýta þau sín eigin gögn en þá vantar oft og tíðum ytri gögn til að sjá samhengi og skilja aðstæður," segir Stefán og bætir við að það séu gögn á borð við veður, frídaga, kaupgetu, gengi gjaldmiðla og aðstæður á markaði eða á flutningsleiðum.

„Ytri þættir geta skipt gífurlegu máli þegar kemur að því til dæmis að greina sölu eða notkun. Við hjá Snjallgögnum lítum á okkur sem gagnaþjónustu framtíðarinnar sem jafnar aðgengi að því sem við köllum heimsgögn. Gögn um okkar sameiginlega ytra umhverfi."

Stefán nefnir að algengt sé að stórfyrirtæki úti í heimi séu með heilu deildirnar sem einbeiti sér eingöngu að öflun slíkra gagna.

„Það er samt sem áður vandamál alls staðar að fyrirtæki eru ekki að nýta ytri upplýsingar á nógu skilvirkan hátt. Þetta er ekki séríslenskt vandamál þó svo að vissulega verði Íslendingar, eins og aðrir, að gera betur í þeim efnum." ■

Kambstál, sem áður barst til landsins frá Hvíta-Rússlandi, kemur í dag frá Póllandi og Tyrklandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þetta eru hækkanir sem eiga sér vart fordæmi.

Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverks

Verðhækkanir farnar að bíta í byggingargeiranum

Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Verktakar glíma við gríðarlegar verðhækkanir á byggingarefni í kjölfar heimsfaraldurs og stríðs í Úkraínu. Verð á stáli hefur nærri þrefaldast á tveimur árum og útlit er fyrir að endurskoða þurfi gerða samninga um stærri framkvæmdir.

Miklar hækkanir á hrávörumörkuðum hafa leitt til mikilla verðhækkana á byggingarefni undanfarna mánuði og ár. Þá hafði heimsfaraldurinn jafnframt þau áhrif að helstu aðfangakeðjur rofnuðu.

Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverks, segir verktaka aldrei hafa séð viðlíka hækkanir í greininni. Sviptingar á heimsmörkuðum hafi haft gríðarleg áhrif á byggingarframkvæmdir. Fyrr á árinu var útlit fyrir að tafir yrðu á nær öllum framkvæmdum vegna þess hve erfiðlega gekk að útvega byggingarefni, aðallega stál.

„Við erum búin að leysa það í bili, sem betur fer. Við erum með stál sem dugar okkur út þetta ár að minnsta kosti. Nær allt það kambstál sem áður barst til landsins frá Hvíta-Rússlandi kemur nú frá löndum eins og Póllandi og Tyrklandi og það hefur gengið nokkuð vel að opna nýjar gáttir í stað þeirra sem þornuðu upp.“

» Verð á steypustyrktarstáli hefur hækkað um 260 prósent á tveimur árum.

Samkvæmt Gylfa eru það verðhækkanirnar, frekar en afhending, sem geri verktökum erfitt fyrir um þessar mundir.

„Ef við tökum sem dæmi kambstál, sem flestir kalla steypustyrktarstál, þá hefur það hækkað um 260 prósent á tveimur árum.

Steypa hefur sömuleiðis hækkað og ál, sem notað er í klæðningar, hefur tvöfaldast í verði yfir tveggja ára tímabil. Þetta eru hækkanir sem eiga sér vart fordæmi og alveg ljóst að þetta hefur áhrif á allar okkar framkvæmdir.“

Það eina sem vegur eilítið upp á móti nýlegum hækkunum, að mati Gylfa, er að verðhækkanir sem orðið hafa á timbri virðast að einhverju leyti vera að ganga til baka. Engu að síður sé óhjákvæmilegt að hækkanir hafi áhrif á gerða samninga.

„Við erum bundin samningum í okkar verkefnum, eins og eðlilegt er. Tölurnar sem þar er að finna eru auðvitað ekki í neinum takti við þessar verðhækkanir.

Með öðrum orðum, verðið sem við fáum fyrir tiltekin verkefni er umtalsvert lægra en verðið sem við þurfum að borga fyrir byggingarefni. Það er staðan sem blasir við okkur í dag.“

Gylfi segir krefjandi að fá dæmið til að ganga upp við slíkar aðstæður. „Auðvitað er þetta misjafnt eftir verkefnum og veltur á því hversu langt þau eru komin. En það er alveg ljóst að þessar verðhækkanir þýða að allar fyrri kostnaðarforsendur eru brostnar.“

Við slíkar aðstæður skipti máli að halda sjó og tryggja góða verkefnastöðu. „Það hefur gengið vel undanfarin ár og mörg fyrirtæki eru vel í stakk búin til að takast á við þessar áskoranir. Almennt séð held ég að menn hafi ekki alveg gert sér grein fyrir hvað þessar sviptingar úti í heimi myndu hafa víðtæk áhrif,“ segir Gylfi. ■

Montreal í uppáhaldi

Svipmynd

Danielle Pamela Neben

Nám: Viðskiptafræðingur frá McGill University.

Störf: Framkvæmdastjóri hjá HSBC Group, fjárfestir, ráðgjafi og stjórnarstörf hjá: Landsbankanum, Brim, Meniga, Monerium, FKA, núverandi stjórnarformaður Evolytes.

Fjölskylduhagir: Gift Steinari Kristjánssyni og eigum við tvö börn og risa Schnauzer.

Danielle Pamela Neben er framkvæmdastjóri Iceland China Trade Winds, sem er fyrirtæki sem starfar í stafrænni markaðssetningu. Danielle hefur áhuga á tennis, badminton og golfi.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum misserum?

Stuðningur við fyrirtæki sem nýlega skráði sitt fyrsta skuldabréf á íslenskum markaði.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Auka alþjóðlega markaðssetningu á Unbrokenrtr.com í íþrótta- og heilsugeirunum.

Danielle segir að bókin Digital Bank eftir Chris Skinner sé afar áhugaverð.
FRÉTTABLADID/SIGTRYGGUR ARI

„Ég myndi sérhæfa mig í stafrænni tækni þar sem þetta er kjarninn fyrir öll fyrirtæki.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Áframhaldandi viðskiptaþátttaka með góðu jafnvægi í lífinu með áherslu á heilsu, fjölskyldu og vini. Skipti tíma mínum á milli Íslands og Kanada.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég myndi sérhæfa mig í stafrænni tækni þar sem þetta er kjarninn fyrir öll fyrirtæki og gefur forskot á viðskiptaþróun á öllum stigum.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Montreal í Quebec, Kanada. Borg sem sameinar marga kosti, það er fjölbreytt mannlíf, fransk-kanadískan kúltur, tónlist, matarmenningu og útivist.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Tennis, badminton, golf, ferðalög og að læra ný tungumál.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Digital Bank eftir Chris Skinner. Áhugaverð bók sem tengist fjórðu iðnbyltingunni. ■

Þrælslund

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Regluleg tíðindi af viðskiptum í íslenskum sjávarútvegi minna landsmenn á hversu stjarnfræðilegar fjárhæðir þar er sýslað með. Ekki einasta fer fyrir brjóstið á fólki að jógakennari í Grindavík auðgist um marga milljarða á slíkum viðskiptum, ættartengsla sinna vegna, heldur ekki síður hvernig alltaf finnast glufur á veikburða regluverki sem sett hefur verið upp til að mæta óskum landsmanna um dreifða eignaraðild, gegnsæi og eðlilegt endurgjald fyrir nýtingu auðlindanna.

Það er kaldhæðnislegt að ást íslensku þjóðarinnar á auðlindum landsins sé á pari við hatur hennar á reglum. Þessar sterku en þversagnarkenndu tilfinningar sameinast með hvað skýrustum hætti í þeim helmingi þjóðarinnar sem er andsnúinn aðild að Evrópusambandinu. Íslenskur ímugustur á ESB hefur að mestu átt rót að rekja til ótta við að glata auðlindunum, sjálfstæðinu og réttinum til að hafa sem minnsta tilsjón með flestu sem sýslað er í samfélaginu.

Þegar umræða um aðild að Evrópusambandinu stóð sem hæst á fyrsta áratug aldarinnar var það ekki síst ótti við meinta ásælni Evrópuríkja í auðlindir landsins sem kaffærði alla umræðu um helstu áhrif slíkrar aðildar fyrir venjulega íslenska borgara. Þótt sú umræða væri að mestu keyrð áfram af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og landbúnaði sungu bæði stjórnmálamenn og almennir borgarar með af krafti. Undirleikurinn var svo í höndum þrælslundarinnar sem klíndi uppnefnum um reglugerðafargan og eftirlitsiðnað á þau kerfi ESB sem tryggja Evrópubúum örugg og aukin lífsgæði, jöfnuð og borgararéttindi.

Líkt og þegar við fáum heimskulegt lag á heilann hefur venjulegt fólk úti í bæ tekið upp þessa möntru um fargan og eftirlitsiðnað, þrátt fyrir að hafa nákvæmlega ekkert ónæði af umræddum reglum, enda eru flestar þeirra settar til að setja þeim skorður sem helst eru líklegir til að vaða yfir samfélög á skítugum skónum og alla sem í þeim búa.

Ekki svo að skilja að aðild að Evrópusambandinu myndi sjálfkrafa kippa kvótakerfinu í lag. Flestum hlýtur þó að vera orðið ljóst að auðlindunum er alls ekki betur borgið utan sambandsins en innan þess. Auðurinn ratar enn í örfáa vasa og breyta þar engu málamyndalög sem Alþingi hefur sett, til dæmis um kvótaþak fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og tengda aðila.

Það dugar ekkert annað á íslensk sjávarútvegsfyrirtæki en stífar reglur og öflugt eftirlit. Ólíkt Alþingi er Evrópusambandið nafntogað á báðum þessum sviðum. ■

> Það er kaldhæðnislegt að ást íslensku þjóðarinnar á auðlindum landsins sé á pari við hatur hennar á reglum.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Vísir …
Upp er kominn vísir að ágreiningi innan ríkisstjórnarinnar – og mun það vera vonum seinna, en forsætisráðherra og fjármálaráðherra töluðu út og suður á tröppum Ráðherrabústaðarins í gærmorgun um afstöðu sína til kaupa Síldarvinnslunnar í Neskaupstað á útgerðarfyrirtækinu Vísi í Grindavík. Á meðan Bjarni Benediktsson kvaðst taka tíðindunum fagnandi, enda myndu þau styrkja íslenskan sjávarúveg, galt Katrín Jakobsdóttur varhug við gerningnum með svo sterku orðalagi að ekki verður efast um afstöðu hennar í málinu.

Litur …
Hinir einu sönnu gárungar hafa á orði af þessu tilefni að tími hafi verið kominn til að þessir flokkarnir sýndu hvor sinn lit í stóru máli af þessu tagi – og það gekk eftir þarna á tröppunum. Á meðan Bjarni brosti hringinn út af þessu öllu saman með heiðan himin yfir höfði sér, var allt annar svipur á Katrínu sem stóð þar undir býsna þungum skýjum. En það er meira í þessu, miklu meira, því á meðan Katrín sparar ekki stóru orðin um þessi stórviðskipti neitar Svandís að tjá sig og vill ekki láta hafa nokkuð eftir sér um þau. Þetta er er enginn smá vísir að ágreiningi. ■

Alþjóðlegt háskólastarf

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Afleiðingar innrásar Rússa í Úkraínu hafa minnt okkur á hve lítill heimur okkar er. Til Kænugarðs eru á 4 þúsund kílómetrar sem samsvarar því að fara hringveginn um Ísland hartnær þrívegis. Íslendingar hafa leitast við að styðja flóttafólk sem flosnað hefur upp frá heimahögunum sökum innrásarinnar. Háskóli Íslands hefur lagt sitt af mörkum til að létta byrðar stríðshrjáðs flóttafólks, með húsnæði, stuðningi við háskólanema frá Úkraínu og samstarfsskóla okkar, Kharazin-þjóðarháskólann í Kharkiv.

Við sem deilum þessum hnetti erum í reynd ein stór fjölskylda, svo mjög sem örlög okkar eru samtvinnuð. Við þurfum því að huga að hinu alþjóðlega samhengi á öllum sviðum atvinnu- og þjóðlífs á Íslandi, um leið og við ræktum menningararfleifð okkar. Hér hefur Háskóli Íslands tekið að sér forystuhlutverk. Skólinn hefur frá upphafi haft þá köllun að hleypa alþjóðlegri þekkingu og vísindum inn í okkar litla samfélag og rækta um leið eigin garð. Árangur þeirrar viðleitni blasir hvarvetna við. Hann birtist m.a. í framsæknum alþjóðlegum líftæknifyrirtækjum, framúrskarandi heilbrigðisþjónustu, háþróuðum matvælaiðnaði, öflugu menningarlífi og fjölbreyttu og faglegu skólakerfi.

Alþjóðlega viðurkennd viðmið eru lögð til grundvallar í öllu starfi Háskóla Íslands. Í stefnu skólans til 2026 eru áherslur um opinn og alþjóðlegan háskóla ítrekaðar. Þær munu stuðla að áframhaldandi farsæld íslensks samfélags og tryggja að prófgráður frá Háskóla Íslands haldi ætið gildi sínu á alþjóðlegum vettvangi.

Sem alþjóðlegur, alhliða rannsóknaháskóli er Háskóli Íslands reiðubúinn að axla ábyrgð í heimi sem er í senn undursamlegur og viðsjárverður. Mikilvægt er að finna leiðir til að njóta lífsins og gleðjast, en við megum ekki líta undan andspænis hnattrænum áskorunum. Háskólinn leggur áherslu á að mæta heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í öllu starfi sínu. Skólinn leiðir m.a. samstarfsnet níu evrópskra háskóla, Aurora-háskólanetið, sem ótvírætt mun stórefla námsframboð um sjálfbærni og frumkvöðlastarf. Með öflugu háskólastarfi bætum við íslenskt samfélag. ■

> Alþjóðlega viðurkennd viðmið eru lögð til grundvallar í öllu starfi Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 13. júlí 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Fólk vill helst flytja í minna húsnæði á meðan það hefur heilsu til.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eldra fólk fast í stórum húsum

elin@frettabladid.is

Í Danmörku er umræða um húsnæðisskort ekki síður en hér á landi. Umræðan snýst þó fremur um að eldra fólk geti ekki minnkað við sig húsnæði þar sem ekki er framboð á hentugu minna húsnæði. Fólk sem er komið yfir sextugt og vill minnka við sig situr fast í stóru húsunum og þau fara ekki á sölu fyrir yngri kynslóðir.

Á næsta ári verða 18% Dana yfir 67 ára sem er upphafið að eftirlaunaaldri eins og hér á landi. Eftir tíu ár verður þessi fjöldi kominn í 23%, sem gerir næstum 342 þúsund fleiri eldri borgara.

Byggt fyrir barnafjölskyldur

„Það er löng hefð fyrir því í Danmörku að byggja fyrir barnafjölskyldur risastór hverfi með sérbýlum. Ekki hefur verið hugað að íbúðum fyrir eldra fólk," segir Metta Mechlenborg, rannsakandi á sviði bygginga og umhverfis hjá háskólanum í Álaborg, við danska ríkisnetmiðilinn dr.dk. „Rannsóknir sýna að í 40% einbýlishúsa búa fullorðin hjón þar sem börnin eru farin að heiman. Árið 1960 voru 60% íbúða með stórum barnafjölskyldum, í dag eru þær 20%. Barnafjölskyldur eru miklu minni en þær voru þótt við séum enn að byggja fyrir barnmargar fjölskyldur," segir Metta. „Eldra fólk leitar að húsnæði sem er um 110 fermetrar og helst með matvöruverslun í nágrenninu." ■

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is

Sigursteinn er með ofvirka blöðru og það truflaði nætursvefninn að vakna hátt í fimm sinnum hverja nótt til að fara á klósettið. Eftir að hann byrjaði að taka SagaPro vaknar hann mun sjaldnar á nóttunni.
MYND/SVAVAR SIGURSTEINSSON

Fjöldi klósettferða vísbending um ofvirka blöðru

Pissar þú oftar en 6–8 sinnum á sólarhring? Blöðruvandamál eru algeng hjá fólki á öllum aldri og er talið eðlilegt að pissa um 6–8 sinnum á sólarhring. Allt umfram það telst vera vísbending um ofvirka blöðru. SagaPro hefur hjálpað þúsundum Íslendinga í tvo áratugi. 2

Sigursteinn hlakkar til að njóta sín í hjólhýsinu í sumar og að sjálfsögðu verður SagaPro tekið með. MYND/AÐSEND

Sigursteinn Steinþórsson hefur tekið SagaPro reglulega í átta ár en hann hefur um árabil þjáðst af ofvirkri blöðru líkt og stór hluti fólks glímir við. „Ég var farinn að vakna oft á nóttunni til að fara á klósettið, allt frá þrisvar og upp í fimm sinnum. Þetta er auðvitað heilmikil truflun á djúpsvefni og fyrir vikið var ég oft þreyttur á daginn," segir hann.

Sigursteinn fór á eftirlaun fyrir þremur árum. „Síðustu 38 árin af mínum vinnuárum starfaði ég sem lögregluþjónn. Ég vann mikla vaktavinnu og oft á næturvöktum. Því var ég í nokkur ár að gera mér grein fyrir vandanum, enda er það þannig að þeir sem vinna á nóttunni drekka oft koffín og aðra drykki á óhentugum tímum miðað við það sem eðlilegt þykir."

Margvísleg neikvæð áhrif

Að sögn dr. Steinþórs Sigurðssonar, rannsóknarstjóra hjá Saga Natura, sem er einn þeirra Íslendinga sem rannsakað hafa íslensku ætihvönnina hvað lengst, eða í ein 25 ár, er íslenska ætihvönnin einstök planta og þó sérstaklega laufblöð hvannarinnar. „Rannsóknir á laufblöðum hvannarinnar benda sterklega til þess að sá partur plöntunnar virki vel á einkenni ofvirkrar þvagblöðru," segir hann.

„Tíð þvaglát tengjast ekki aðeins truflun á svefni heldur einnig truflun á daglegum störfum fólks og íþróttaiðkun. Samkvæmt gögnum úr bandarískum rannsóknum vakna um 20–30% af ungu fólki einu sinni á nóttu til þess að hafa þvaglát. Þá er þetta ívið algengara hjá ungum konum en körlum. Þegar horft er á eldra fólk, um 70 ára og eldra, vakna um 50% tvisvar eða oftar á hverri nóttu til að fara á klósettið. SagaPro léttir lífið og getur komið í veg fyrir truflun á nætursvefni, sem aftur getur svo minnkað líkur á slysum sem fólk getur orðið fyrir þegar það er í svefnrofunum á leið á klósettið."

Orsakir og afleiðingar ofvirkrar þvagblöðru eru mýmargar og geta verið allt frá því að tengjast stækkuðum blöðruhálskirtli og almennum þvagleka. Einnig hefur íþróttafólk og göngugarpar notað SagaPro í þeim tilgangi að minnka þvagleka og tíð þvaglát.

Rosalegur munur

„Mér skilst að þetta sé líffræðilegt og að með aldrinum fari þvagblaðran að missa mýktina og hún gefi ekki jafnmikið eftir og áður. Ég er orðinn 68 ára og eftir að ég byrjaði að taka SagaPro sef ég betur og tíðni salernisferða á nóttunni hefur snarminnkað," segir Sigursteinn. „Þetta er veruleg breyting og rosalegur munur að geta sofið vel. Ég fæ dýpri og óslitinn svefn í lengri tíma og vakna úthvíldur á morgnana. Mér líður mun betur út allan daginn og þakka það SagaPro."

SagaPro í nýjum umbúðum.

> Ég er orðinn 68 ára og eftir að ég byrjaði að taka SagaPro sef ég betur og tíðni salernisferða á nóttunni hefur snarminnkað.
>
> Sigursteinn Steinþórsson

Sigursteinn segist hafa heyrt af SagaPro hjá fólkinu í kringum sig sem var í sömu stöðu og hann og hafði góða reynslu af notkun bætiefnisins. „Það tók mig minna en mánuð að finna fyrir áhrifunum af SagaPro og í dag sleppi ég ekki úr skammti." Sigursteinn segist mæla eindregið með SagaPro fyrir alla þá sem þjást af tíðum þvaglátum. „Fyrir fáeinum árum kom kona sem er tengd mér fjölskyldubönd-um í heimsókn frá Ástralíu. Hún átti við þennan vanda að stríða að vakna 4–5 sinnum á hverri nóttu til að fara á klósettið. Þetta truflaði mjög nætursvefninn og ég fékk hana til að prufa SagaPro. Fyrstu tvær vikurnar fann hún lítinn sem engan mun á sér en á þriðju vikunni var hún alsæl, enda var hún farin að vakna mun sjaldnar á nóttunni og var mun orkumeiri yfir daginn."

Áskriftarfyrirkomulag sem virkar

Sigursteinn er ánægður með þann möguleika að geta verið í áskrift að SagaPro. „Ég fór í áskrift um leið og það var hægt en það finnst mér frábær kostur. Ég átti það til að gleyma því að kaupa nýjan skammt þegar ég kláraði, og var svo snöggur að finna fyrir því þegar bætiefnin hættu að virka. Það er nefnilega mikið atriði að maður taki þetta reglulega. Núna er engin hætta á að ég gleymi að taka skammt og eftir að ég fór að taka SagaPro reglulega er þetta orðið allt annað líf. Þetta kemur bara inn um póstlúguna hjá mér mánaðarlega og ég tek með mér SagaPro hvert sem ég fer. Ég hlakka til að njóta mín í hjólhýsinu í sumar. Við munum ferðast í allt sumar og að sjálfsögðu verður SagaPro tekið með."

Áskrift auðveldar fólki að gleyma ekki að taka bætiefnin sín, einnig er þetta hagkvæmasti kosturinn að fá viðkomandi vöru senda mánaðarlega. Allir sem skrá sig í áskrift fá 15% afslátt af vörunni og einnig fría heimsendingu. Áhugasamir eru hvattir til að skoða áskriftarleiðir á keynatura.is eða fá nánari upplýsingar í síma 562 8872.

SagaPro mjög vinsælt meðal golfara og útivistarfólks

Aukning hefur verið í sölu á SagaPro til golfara og fólks sem áhuga hefur á hlaupum eða fjallgöngum. Mörg í þessum hópum eiga ávallt SagaPro uppi í skáp og nota það við ýmsar aðstæður. Sem dæmi notar fólk þetta fyrir löng hlaup, fjallgöngur, 9 eða 18 holu golfhring, skíði eða jafnvel langar flugferðir. Þess má geta að SagaPro hjálpar þvagblöðrunni að fyllast betur og því þarf ekki að takmarka inntöku vökva, sem er afar mikilvæg í hreyfingu og útivist.

Dr. Steinþór Sigurðsson, rannsóknarstjóri hjá Saga Natura.

SagaPro nú í nýjum umbúðum

Hægt er að fá SagaPro í 30 eða 60 hylkja umbúðum. Flestir kannast við 30 hylkja umbúðirnar sem voru í pappakassa en nú eru þær komnar í þægilegar áldósir. ■

Ólafía Kvaran, hjúkrunarfræðingur og fyrrverandi heimsmeistari í Spartan, lenti nýlega í öðru sæti í sínum aldursflokki í Spartan Rae France Morzine. „Ég á alltaf SagaPro heima og nota það við ýmsar aðstæður tengdar íþróttaiðkun eða fyrir svefn. Tíð þvaglát eru ekki eitthvað sem á að sætta sig við."

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

Söfn á Íslandi

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 13. júlí 2022

Vegglistaverk eftir listamanninn Juan prýðir gaflinn á húsinu við Strandgötu 4. Við gaflinn stendur starfsfólk á þjónustu- og þróunarsviði Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spennandi sýningar, helgarnar í bókasafninu og fjölbreyttar göngur

Það er margt í boði í Hafnarfirði í sumar og má þar nefna spennandi sýningar, sumarlestur og laugardagsopnun á bókasafninu og svo er í allt sumar boðið upp á menningar- og heilsugöngur. Aðgangur er ókeypis. 2

Vegglistaverk eftir listamanninn Juan prýðir gaflinn á húsinu við Strandgötu 4 en þar má sjá ýmis verk sem margir kannast eflaust við þar sem um er að ræða klippimynd með völdum útilistaverkum í bænum.

„Þetta er hugmynd sem var kastað á milli listamannsins og menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar," segir Hólmar Hólm, kynningarfulltrúi Hafnarborgar. „Listamaðurinn hafði samband og spurði hvort það væri einhver staður í bænum sem væri á lausu fyrir vegglistaverk en Juan hefur verið að búa til listaverk í almannarýminu víða um land og vakið athygli fyrir það. Þegar farið var í að finna stað lá svo beint við að setja verkið á gaflinn við Strandgötu 4, sem stendur við hliðina á ráðhúsinu og Bæjarbíói, en ýmsar myndir hafa prýtt veggin á síðustu árum.

Síðan kom upp sú hugmynd að nota útilistaverkin í eigu Hafnarfjarðar og búa til eins konar klippimynd úr þeim sem gladdi okkur í Hafnarborg þar sem við höfum umsjón með útilistaverkum bæjarins. Þá er þetta skapandi leið til þess að minna á þetta safn sem finna má í bænum og fólk getur skoðað á hvaða tíma sólarhringsins sem er. Maður gleymir nefnilega stundum útilistaverkunum sem eru allt í kringum okkur – við göngum fram hjá þeim og þetta verður einhvern veginn bara hluti af umhverfinu. En þetta er áhugaverð safneign hérna í Hafnarfirði sem telur um 30 útilistaverk og er gaman að geta vakið athygli á listinni með nýjum leiðum."

Hólmar Hólm, kynningarfulltrúi Hafnarborgar, segir fjölbreyttar sýningar í gangi með forvitnilegum listamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjölbreyttar sýningar í Hafnarborg

Mikið er um tónleikahald yfir hásumarið í Hafnarborg og nú var hinni árlegu Sönghátíð að ljúka á dögunum. „En myndlistin umfaðmar alltaf allt hjá okkur," segir Hólmar Hólm og nú standa tvær sýningar yfir í safninu.

Annars vegar er um að ræða yfirlitssýningu á verkum Gunnars Arnar Gunnarssonar í aðalsal Hafnarborgar. „Sýningin spannar nærri 40 ára feril listamannsins með verkum í mismunandi miðlum – þetta eru málverk, skúlptúrar, verk úr pappamassa, teikningar og fleira. Þá eru þetta mjög ólík tímabil sem hann gekk í gegnum. Gunnar var að mestu leyti sjálfmenntaður í myndlistinni og var til að mynda fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum 1988 sem er mjög merkilegt í sjálfu sér. Það er því ánægjulegt að geta varpað ljósi á feril hans aftur þar sem hann hefur jafnvel gleymst eilítið á síðustu árum meðal yngra fólksins."

Hins vegar er um að ræða sýningu á nýjum og nýlegum verkum myndlistarmannsins Sigurðar Ámundasonar í Sverrissal. Sigurður vinnur yfirleitt með teikningar en einnig má sjá vídeóverk á sýningunni. „Það er alltaf skemmtilegt þegar listamenn sýna á sér nýjar hliðar. Hann er hér að vinna með myndmál sem við tengjum kannski helst við vörumerki þar sem hann býr til hálfgerð lógó úr stöfum og stafarunum. Þetta er eitthvað sem kemur kannski kunnuglega fyrir sjónir en við getum ekki beinlínis lesið neitt úr þessu. Sigurður notar meðal annars séríslensku stafina og vinnur með það hvernig við leitumst við að finna merkingu í einhverju sem er á mörkum þess að vera kunnuglegt og ókunnuglegt, persónulegt og ópersónulegt – og til þess er leikurinn gerður."

Glæsileg verk eru sýnd í Hafnarborg en þar er líka tónleikahald í hávegum haft.

Sumarlestur fyrir börn er í gangi í Bókasafni Hafnarfjarðar. Sigrún Guðnadóttir, forstöðumaður bókasafnsins, segir að um sé að ræða dagskrá fyrir 6–12 ára börn á grunnskólaaldri og elstu börn í leikskólum.

Það er alltaf mikið um að vera í Bókasafni Hafnarfjarðar en í október fagnar safnið aldarafmæli. Safnið er opið á laugardögum í sumar.

Laugardagsopnun og „sumarlestur" í Bókasafni Hafnarfjarðar

Í sumar er í fyrsta skipti opið á Bókasafni Hafnarfjarðar á laugardögum og er opið á milli klukkan 11–15 en bókasafnið er opið á laugardögum á öðrum árstímum.

Í sumar er einnig boðið upp á „sumarlestur" í bókasafninu og segir Sigrún Guðnadóttir, forstöðumaður bókasafnsins, að um sé að ræða dagskrá fyrir 6–12 ára börn á grunnskólaaldri og elstu börn í leikskólum. „Foreldrar skrá börnin sín í sumarlestur, börnin skrifa síðan umsókn um viðkomandi bók sem þau skila svo inn og er „lestrarhestur vikunnar" dreginn út einu sinni í viku og fær hann bók í verðlaun. Lestrarbækurnar eru á íslensku, ensku og pólsku þar sem það býr mikið af pólskumælandi fólki í Hafnarfirði."

Sigrún segir að bókasafnið sé í samstarfi við grunnskólana í bænum um að börnin fái þá lestrardagbók frá bókasafninu afhenta í skólanum á vorin áður en skólunum er slitið og að skólastjórar segi frá þessu verkefni á skólaslitum. „Þetta er okkar verkefni en við reynum að ná börnunum í skólunum líka; ekki bara þeim sem koma hingað á bókasafnið."

Í lok sumars, þann 3. september, verður svo uppskeruhátíð sumarlesturs með spennandi dagskrá fyrir börn.

Bókasafn Hafnarfjarðar verður 100 ára í október, nánar tiltekið 18. október, og verður ýmislegt gert vegna þeirra tímamóta. „Það verður mikið um að vera 18. október. Það verður eitthvað um að vera hérna allan þann dag og á laugardeginum þar á undan, 15. október, verður líka eitthvert húllumhæ. Síðan eru afmælisviðburðir allt árið, svo sem leiksýning og tónleikar."

> **Maður gleymir nefnilega stundum útilistaverkunum sem eru allt í kringum okkur – við göngum fram hjá þeim og þetta verður einhvern veginn bara hluti af umhverfinu.**
>
> Hólmar Hólm

Menningar- og heilsugöngur

Hafnarfjarðarbær býður í sumar upp á fjölbreyttar göngur á miðvikudagskvöldum klukkan átta en stundum byrja göngurnar fyrr en það er þegar stílað er inn á börn. „Dagskráin er mjög fjölbreytt," segir Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðsmála. Á meðal gangna sem liðnar eru má nefna „álfagöngu" þar sem Silja Gunnarsdóttir, eigandi alfar.is, leiddi göngu um álfaslóðir og sagði sögu álfa, dverga og huldufólks á leiðinni. Í göngunni „Ha ha um Hafnarfjörð" leiddi Einar Skúlason hjá Wappinu fólk um skemmtilegar slóðir í Suðurbæ Hafnarfjarðar og reytti af sér valda Hafnarfjarðarbrandara á leiðinni. Í dag, miðvikudaginn 13. júlí, verður í menningar- og heilsugöngu vikunnar velt upp hugleiðingum um álfa og verur í klettum bæjarins.

Gengið verður frá Hafnarborg klukkan 20. Gangan endar svo með leiðsögn um sýningu listamannsins Gunnars Arnar Gunnarssonar á sama stað. Upplýsingar um fleiri göngur má finna á hafnarfjordur.is.

Andri segir að það sé misjafnt hvort gengið sé innanbæjar eða hvort farið sé út fyrir bæinn. „Einhverjar göngur eru innan bæjarmarkanna en það er farið út fyrir bæinn í nokkrum göngum, svo sem í Buslgöngu að Arnarvatni 3. ágúst, en þá verður gengið frá bílastæðinu við Seltún í Krýsuvík. Þá verður fólk komið um 30 kílómetra út fyrir bæinn í mjög skemmtilegt umhverfi þannig að það er óhætt að mæla með þeirri göngu."

Seinasta gangan verður svo 31. ágúst: Sagan, safnið og gamli bærinn. Þá mun Björn Pétursson, bæjarminjavörður Hafnarfjarðar, leiða göngu um gamla bæinn. ■

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103 | Veffang: frettabladid.is

Fjölbreyttar sýningar á nokkrum stöðum

Byggðasafn Hafnarfjarðar er með tvær nýjar sýningar í sumar. Það er annars vegar sýning í forsal Pakkhússins á þjóðlegum munum úr safni Þorbjargar Bergmann og svo er það ljósmyndasýning við Strandstíginn. Þá eru fastar sýningar í nokkrum húsum í bænum.

Á hverju vori setur Byggðasafn Hafnarfjarðar upp nýja þemasýningu í forsal Pakkhússins og sýning þessa sumars fjallar um Þorbjörgu Bergmann. „Hún var fyrsti hafnfirski safnarinn," segir Björn Pétursson bæjarminjavörður. „Hún bjó í Hafnarfirði á árunum 1900-1930 og allan þann tíma safnaði hún þjóðlegum munum bæði í Hafnarfirði og utan Hafnarfjarðar og lagði mikið upp úr því. Með þessari sýningu erum við bæði að segja sögu hennar og sýna hluta af þessum gripum sem hún safnaði. Sýningin er unnin í góðu samstarfi við Borgarsögusafn og eins afkomendur Þorbjargar sem lánuðu okkur bæði mikið af munum og myndum og eru margir af þessum munum ótrúlega fallegir og merkilegir. Þorbjörg var mikil hannyrðakona og á sýningunni sést áhugi hennar á íslensku handverki. Hún var sjálf margverðlaunuð sem hannyrðakona og stóð Þorbjörg, ásamt Katrínu Briem, fyrir ýmiss konar námskeiðum í handavinnu fyrir stúlkur í Hafnarfirði.

Þorbjörg áttaði sig á því á þessum árum að íslenskt samfélag var að breytast – það var þessi þéttbýlismyndun og bændasamfélagið var að láta undan – og hún sá að munir voru að glatast samfara þessari breytingu og hún fór í þessa söfnun sína til þess að varðveita íslenska menningu; til þess að bjarga hlutum frá glötun og safnaði yfir 400 munum.

Þorbjörg flutti til Reykjavíkur árið 1930 til dóttur sinnar og tengdasonar og eftir hennar dag gáfu þau safn hennar, þessa 400 gripi, til Reykvíkingafélagsins og var þetta langstærsta gjöfin í Árbæjarsafni þegar það var opnað. Borgarsögusafn lánaði okkur hluta af þessum munum til þess að vera með á sýningunni og eins fengum við lánaða muni frá afkomendum Þorbjargar."

Ljósmyndasýning á Strandstígnum

Byggðasafn Hafnarfjarðar er með sýningaraðstöðu fyrir ljósmyndasafn sitt á Strandstígnum meðfram höfninni í Hafnarfirði og eru þar árlega settar upp ljósmyndasýningar sem varpa ljósi á dagleg störf og sögu fólksins sem bjó í bænum.

„Í ár eru þetta 52 myndir og heitir sýningin Bærinn minn. Þetta eru ljósmyndir sem Anna Jónsdóttir tók frá 1920-1940 og eru mannlífsmyndir frá Hafnarfirði. Þetta eru gríðarlega skemmtilegar og fallegar myndir sem veita innsýn í þróun bæjarins frá þessum tíma.

Anna var ljósmyndari í Hafnarfirði og var nátengd bænum alla tíð og rak þar ljósmyndastofu og er ljósmyndasafn hennar, eða filmusafn, varðveitt á byggðasafninu og búið að vera í áratugi. Þetta er að stórum hluta filmusafn á glerplötum og sumar af þessum myndum sem við erum að sýna núna hafa ekki verið birtar áður að okkur vitandi; allvega ekki hin síðari ár. Hluti af þessum myndum var tekinn fyrir í bók sem var gefin út árið 1933 þannig að þetta eru myndir sem hafa gleymst en aðrar eru vel þekktar og hafa verið á sýningum hjá okkur."

Björn Pétursson bæjarminjavörður og Bryndís Lára Bjarnadóttir, safnvörður á Byggðasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Grásleppuskúr frá árunum 1960-1970 sem skoða má á safninu.

Í einum bás í Byggðasafni Hafnarfjarðar er sýnt hvernig hermenn bjuggu á hernámsárunum á Íslandi. Fróðlegt og skemmtilegt að skoða.

Kaupmaðurinn á horninu var sumarsýning í fyrra og var hluti hennar settur inn á fastasýninguna í maí síðastliðinn.

Leikfangasafnið gefur fólki kost á að sjá alls kyns dýrgripi frá liðnum tíma.

Frá sýningu um Þorbjörgu Bergmann sem var fyrsti hafnfirski safnarinn. Sýningin var opnuð í Byggðasafninu 1. júní og stendur enn.

Saga Hafnarfjarðar

Byggðasafn Hafnarfjarðar er með fleiri sýningar burtséð frá sumarsýningum. „Við erum með sýningar úti um allan bæ. Í Pakkhúsinu er á tveimur hæðum stór sýning um sögu Hafnarfjarðar. Hún heitir Þannig var og er saga Hafnarfjarðar allt frá landnámi til okkar daga. Þarna rekjum við sögu bæjarins í gegnum ákveðin þemu og vörpum ljósi á bæinn og þorpið bæði með sagnfræðilegum textum, ljósmyndum og síðan miklu safni muna. Við setjum þetta niður í hólf og segjum til dæmis á einum stað frá verslunarbænum, á öðrum stað frá útgerðarbænum og á þeim þriðja frá hernáminu. Þessi sýning er uppfærð á hverju ári þannig að það er alltaf eitthvað nýtt að sjá á henni. Núna í vor settum við til dæmis upp lítinn verslunarbás; gamla kjörbúð. Það er nýjungin á þeirri sýningu í ár."

Leikfangasýning er á efstu hæðinni í Pakkhúsinu. „Þar erum við með alls konar leikföng og annað sem snýr að börnum. Það er algjörlega textalaus sýning sérstaklega hönnuð fyrir börn; þetta er meira upplifunarsýning. Þar eru til dæmis gamlir tölvuleikir sem hægt er að spila, meðal annars Space Invaders og Super Mario Bros."

Ólík heimili

Sívertsens-húsið er elsta hús Hafnarfjarðar og það lét Bjarni Sívertsen athafnamaður byggja á árunum 1803-1805. „Hann hefur verið nefndur „faðir Hafnarfjarðar". Hann var fyrsti íslenski kaupmaðurinn eftir að við losnuðum undan einokuninni og hann byggði Sívertsens-húsið fyrir fjölskyldu sína og verslunarhús við hliðina. Saga Bjarna er á margan hátt mjög merkileg og hún endurspeglast svolítið í húsinu. Við sýnum hvernig yfirstéttarfjölskylda bjó á þessum tíma og rekjum sögu Bjarna og Rannveigar, konu hans."

Siggubær, sem stendur við Kirkjuveg, er sýnishorn af heimili verkamanns og sjómanns í Hafnarfirði frá fyrri hluta 20. aldar þar sem gestir geta upplifað og kynnst því hvernig alþýðufólk í bænum bjó á þeim tíma en það var Erlendur Marteinsson sjómaður sem lét byggja húsið.

„Siggubær er dæmigerður fyrir þessi hús sem voru í Hafnarfirði á þessum tíma – þessi alþýðuheimili; skilgreiningin á bæ versus hús er að hann er með lága veggi og það eru gluggar bara á göflunum."

Erlend útgerð

Húsið Bookless Bungalow, sem stendur við Vesturgötu 32, var byggt árið 1920 fyrir Skotann Douglas Bookless en hann og bróðir hans, Harry, höfðu á fyrri hluta 20. aldar rekið umfangsmikla útgerð frá Hafnarfirði.

„Á þessum tíma var erlend útgerð mjög sterk og mikil í Hafnarfirði og í húsinu segjum við bæði sögu Bookless-bræðra og líka þessarar miklu erlendu útgerðar sem var í bænum. Við erum að segja sögu erlendu útgerðarinnar á fyrstu áratugum 20. aldar. Bræðurnir voru með alls konar nýjungar sem Íslendingar þekktu ekki á þessum tíma en þeir lögðu til dæmis brautarteina út frá þurrkhúsunum upp á saltfiskreitina. Það voru alls konar nýjungar sem þeir kynntu fyrir landsmönnum og þá aðallega sem sneri að fiskveiðum, útgerð og fiskverkun."

Verslunarminjasýning

Verslunarminjasafn Byggðasafns Hafnarfjarðar er í Beggubúð. „Þetta er gamalt verslunarhús sem stóð áður við Strandgötu og var flutt á lóð byggðasafnsins og opnuð þar sýning árið 2008. Þetta er upprunalegt húsnæði með upprunalegum innréttingum og þarna höfum við sett upp gamla verslun eins og þær voru á síðustu öld. Þetta er hús sem margir muna eftir á Strandgötunni og margir hafa tengingu og tilfinningar til. Þarna höfum við líka sett metnað í að setja út sérstakar gluggaútstillingar við hin og þessi tækifæri. Við setjum til dæmis upp sérstaka gluggaútstillingu fyrir 17. júní og aðra fyrir jólin. Þótt safnið sé lokað þá erum við með þessa stóru glugga með einhverri skemmtilegri útstillingu." ■

Gleymdir ræflar Íslands og byssukúlur í fjörunni

Sigfús Tryggvi Blumenstein er einn ötulasti safnari gripa frá hernámsárunum 1940–1947 á Íslandi og dreymir um að opna safn þar sem þessi merkilega saga er sögð í máli, myndum og munum.

jme@frettabladid.is

Tryggvi á áhugavert safn af munum frá hernámsárunum á Íslandi og segist tilbúinn til að opna safn. Hann telur að margir geri sér ekki grein fyrir því hversu mikil umbrotsár þetta voru í íslenskri sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ætli ég sé ekki safnari að upplagi, enda var ég víst einn af þeim sem voru alltaf með eitthvað í vösunum þegar þeir komu heim eftir útiveru," segir Tryggvi, sem byrjaði að tína byssukúlur í fjörunni við Eiðsgranda sem tíu ára gutti. „Þarna voru gamlir öskuhaugar og má enn í dag finna ýmislegt þarna. Þetta þótti mér spennandi sem ungum strák. Ég safnaði þó ekki markvisst stríðsmunum á þessum tíma, en þetta var klárlega byrjunin. Ég er enn fremur norskættaður í móðurættina og á stríðsárunum voru norskir hermenn til dæmis heima hjá mömmu. Föðurættin er svo frá Þýskalandi og afi minn þeim megin var í fangabúðum öll stríðsárin. Því voru til ýmsir munir frá stríðsárunum á heimilinu vestur í bæ, eins og hjálmur og svo byssustingur," segir Tryggvi.

Kipptu okkur úr moldarkofunum

Að mati Tryggva safna ekki margir markvisst munum frá hernáminu á Íslandi. „Mitt safn afmarkast eingöngu við stríðsárin á Íslandi, hvort sem það er frá íslensku loftvarnarsveitinni, póstur til og frá hernum, peningaseðlar, dagblöð og annað. Það er svo margt sem tengist þessum tíma og hver hlutur á sér stórmerkilega sögu."

Tryggvi segist ekki viss um hvenær söfnunaráhuginn fór að beinast markvisst að hernámsárunum. „Þetta þróaðist hjá mér. Fyrst safnaði ég hermannadóti almennt. Þá seldu engar búðir á landinu þannig varning og ef einhver fór til útlanda þá var keyptur hjálmur eða annað. Svo fannst mér áhugavert að einskorða mig við hernámsárin á Íslandi. Þetta er nefnilega mjög áhugaverð saga. Ég held að margir skilji ekki hversu mikill umbrotatími þetta var í íslenskri sögu og hvað hann breytti samfélaginu mikið. Okkur var svo að segja kippt úr moldarkofunum inn í nútímann."

Tryggvi stofnaði vefsíðu, fbi.is, til að kynna safnið og taka allt saman áður en tímabilið hverfur úr minni þjóðarinnar. „Það er svo margt til sem tengist þessum tíma sem fólk gerir sér ekki grein fyrir að eru söguleg verðmæti. Ég veit ekki hve margar sögur ég hef heyrt af fólki sem átti gasgrímu eða annað frá þessum tíma en er nú búið að henda þeim. Margir luma á ýmsum búnaði sem þeir keyptu frá Sölunefnd varnarliðseigna á sínum tíma. Svo flytur fólk og minnkar við sig, og þá endar þetta oft í Sorpu. Það er áskorun að varðveita þetta áður en þetta hverfur og ég viðurkenni það alveg að hafa bjargað fáeinum munum frá urðun úr gámum Sorpu."

Á myndinni er: Amerískur 1 Garand .3006 herriffill, vatnslitamynd eftir hermann, jólamatseðill frá 1943 sem hermaður hefur ritað minningarbrot á og margt fleira merkilegt.

Tryggvi er að sögn orðinn nokkuð naskur á að bera kennsl á gripina. „Ég greini auðveldlega í sundur gripi frá Bretum og Bandaríkjamönnum enda var búnaðurinn ólíkur. Ameríkaninn var lengur á landinu og fyrir vikið finnst meira frá honum. Þá var sá búnaður nokkuð vandaðri en sá breski. Norski herinn var líka með viðveru á landinu fyrripart stríðs en ég á ekki mikið frá þeim, því miður."

Gleymdir ræflar Íslands

Á vefsíðunni sem Tryggvi stofnaði safnar hann saman ýmsum fróðleik, greinum, stafrænu efni og fleiru í tengslum við hernámið á Íslandi og sýnir þar einnig hluta af safninu sínu. Nafnið, fbi.is, stendur fyrir „Forgotten Bastards of Iceland" sem er tilvísun í ákveðinn safngrip sem Tryggvi á nokkur eintök af. „FBI er yfirskriftin á viðurkenningarskjali sem ég held að Bandaríkjamenn hafi byrjað á. Skjalið hlutu menn eftir að hafa þjónað 101 dags herskyldu á skerinu eða lengur. Mönnum leiddist víst nokkuð í vistinni hér á landi og söfnuðu margir hverjir kílóum. Þetta hefur verið leið til að stytta sér stundir og mönnum hefur þótt þetta skemmtilegur og merkilegur áfangi enda eru mörg af skjölunum innrömmuð. Það hefur líklega þótt áhugavert að hafa verið á Íslandi, eins og þykir enn í dag."

Tryggvi á einnig dágott safn af minjagripum sem voru seldir og gefnir hermönnunum á hernámsárunum, en hann segir hermennina hafa verið eins konar túrista á Íslandi. „Ég á nokkur útsaumuð Álafoss-teppi sem hermennirnir keyptu af íslenskum konum. Þær fengu víst vel greitt fyrir vinnuna og í peningum en ekki inneign í kaupfélaginu líkt og venja var. Einnig á ég ýmsa skartgripi sem hermennirnir smíðuðu sjálfir, oft úr myntum, áli úr flugvélum sem höfðu farist og skothylkjum. Einhver hafði smíðað lampa úr skothylkjum skreyttan með mynt. Þarna voru menn að bjarga sér."

Vill opna opinbert safn

Safnið fyllir heilt herbergi heima hjá Tryggva og er vandlega pakkað niður í marga kassa. Hann hefur sett upp sýningar í bókasöfnunum í Mosfellsbæ og Selfossi. Einnig setti hann upp hernámssýningu í Mosfellsbæ 2016 sem er jafnframt stærsta sýningin á munum hans. „Þar sýndi ég alls ekki allt safnið og ég á mér draum að opna opinbert safn. Ég bý í Mosfellsbænum og því væri það ósk mín að safnið yrði sett upp í framhaldsskólanum Brúarlandi í Mosfellsbæ, enda voru höfuðstöðvar hersins þar. Ef það gengi ekki, þá sæi ég safnið fyrir mér í einu af húsnæðinu við Reykjavíkurflugvöll."

Tryggvi segist vanda valið í safnið. „Ég þarf að hemja mig enda hef ég ekki endalaust pláss. Á Selfossi sýndi ég til dæmis einkennisbúning hermanns úr breska flughernum og setti í samhengi við dömufatnað sem ég átti ekki sjálfur en var til á staðnum. Við sýningargripina stóð: „Eitthvað gekk þessum Leading Aircraftman í breska flughernum illa að ná sér í dömu." Það er hjálplegt að sjá hlutina í sögulegu samhengi. Ef ég næði að opna safn væri gaman að eignast kvenfatnað frá þessum tíma fyrir sviðsetningar eins og þessa."

Merkilegur ómerkisgripur

„Verðmætustu gripir safnsins, í krónum taldir, eru vopnin," segir Tryggvi. „Byssurnar eru vissulega hluti af sögunni og nauðsynlegir safngripir þótt þær veki misjöfn viðbrögð. Þær geta auðveldlega hlaupið á bilinu 150.000 krónur og upp úr. Ég á þó engar svo dýrar byssur í mínu safni."

Uppáhaldsgripur Tryggva í safninu lætur þó ekki mikið yfir sér. „Þetta er ekki eins og í sumum söfnum, þar sem allir slefa yfir dýrasta og flottasta hlutnum. Minn uppáhaldsmunur er ryðgaður járndunkur utan af bensíni. Bretinn flutti inn bensín í svona dunkum og þessi hefur verið opnaður að ofan, negld í hann lítil spýta og hann hálffylltur af sandi. Svo fylgdi sandpoki með dunkinum. Ryðgaði bensíndunkurinn fannst uppi á lofti í húsi í miðbænum sem Bretinn hélt til í og var hluti af loftvarnarviðbúnaði. Hann var ætlaður til að slökkva í íkveikjusprengjum sem var varpað úr loftárás, brutu sér leið í gegnum þök og lentu á gólfinu.

Magnesíum var í sprengjunum og því brunnu þær afar heitt. Því var nær ómögulegt að slökkva í þeim með vatni. Íkveikjusprengjurnar voru teknar upp með skóflu, settar ofan í dunkinn og svo var sandi hellt yfir til að kæfa eldinn. Ætli þetta sé ekki merkilegasti hluturinn í mínum augum, einmitt vegna þess að hann er svo ómerkilegur. Það er sagan á bak við sem er aðalatriðið." ■

Opið alla daga í sumar:
09-18 virka daga | 13-17 helgar

Hreyfing í föstum formum og litum
Listasafn Svavars Guðnasonar

Kynnist verkum helsta frumkvöðuls abstraktlistar á Íslandi

MMH SVAVARSSAFN
LISTASAFN - ART MUSEUM

mmh.hornafjordur.is svavarssafn @svavarssafn

Byggðasafn Vestfjarða er í elstu húsaþyrpingu landsins.

Fjölbreytt safn um sögu Vestfjarða

Byggðasafn Vestfjarða er staðsett í Neðstakaupstað á Ísafirði í elstu húsaþyrpingu landsins, sem er frá seinni hluta átjándu aldar. Aðaláhersla safnsins er á sjósókn, enda er hún stór hluti af atvinnusögu svæðisins, en á síðari árum hefur fjölbreytnin aukist og meiri áhersla verið lögð á daglegt líf fólks.

„Þann 23. júlí 1941 var Byggða- og sjóminjasafn Ísfirðinga stofnað og var Bárður G. Tómasson kosinn fyrsti formaður þess. Á þessum fundi afhenti hann safninu sexæringinn til eignar og lagði fram greinargerð um kostnað við byggingu hans og fjáröflun. Með byggingu sexæringsins má segja að lagður hafi verið grunnur að sjóminjadeild byggðasafnsins, sem opnað var í Turnhúsinu í Neðstakaupstað á sjómannadaginn 1988," segir Jóna Símonía Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða. „Þegar verbúðin í Ósvör í Bolungarvík var byggð upp var sexæringurinn, ásamt fjölmörgum öðrum munum tengdum árabátaútvegi, fluttur þangað og allir þessir munir eru nú varðveittir þar."

Meira en bara sjóminjar

„Í dag er safnið í Turnhúsinu aðeins meira en bara sjóminjar, þó að vissulega sé það meginþunginn, enda er sjósókn stór hluti af atvinnusögu Vestfjarða," segir Jóna. „Síðustu ár hefur verið lögð meiri áhersla á að tengja útgerðarsöguna við líf fólksins á svæðinu og nú er aðaláherslan á að sýna hvað þróunin í sjávarútvegi þýddi fyrir konurnar og hvaða áhrif aukin atvinna og meiri velmegun hafði á líf fólks hér fyrir vestan.

Fyrir utan grunnsýninguna okkar erum við líka með skipasmíði, bátalíkön, beykisverkstæði og brot af harmoníkusafni Ásgeirs S. Sigurðssonar, en það telur í heild rúmlega 220 harmoníkur, sú elsta frá árinu 1830, og margar þeirra voru í eigu þekktra íslenskra harmoníkuleikara," segir Jóna.

> **Í dag er safnið í Turnhúsinu aðeins meira en bara sjóminjar, þó að vissulega sé það meginþunginn.**
>
> Jóna Símonía Bjarnadóttir

Fjölbreyttar sýningar við allra hæfi

„Fyrir utan þessar föstu sýningar er safnið líka með ýmsar aðrar tímabundnar sýningar. Við erum til dæmis með jólasýningu á hverju ári og núna stendur yfir sýning á handunnum fiskikortum sem byggja á Lóran-tækninni," útskýrir Jóna. „Svo höfum við líka verið að auka þjónustu við börn, en við erum með leikhorn og erum í auknum mæli að taka á móti skólahópum.

Stór hluti af gestum safnsins yfir sumarið kemur af skemmtiferðaskipum sem heimsækja Ísafjörð. Það er áhugasamur hópur sem hefur mikla ánægju af því að kynna sér sögu lands og þjóðar," segir Jóna. „Í þessum hópi eru oft gamlir sjómenn sem sigldu á Íslandsmið, áttu feður sem dvöldu hér á árum síðari heimsstyrjaldar, eða tóku jafnvel þátt í þorskastríðunum. Þegar svo ber undir getum við ekki síður fræðst af þeim en þeir af okkur.

Þá varðveitir safnið allnokkra báta og stefnan er að koma þeim flestum á sjó aftur, en ástand þeirra er æði misjafnt. Það er tímafrekt og fjárfrekt verkefni að koma bátum í haffært ástand en það mjatlast og vonandi verður bryggja hér í framtíðinni full af safnabátum," segir Jóna. „ Safnið rekur einnig Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri, sem er elsta starfandi vélsmiðja landsins. Smiðjan er nánast í sinni upprunalegu mynd og ber nafn Guðmundar, sem stofnaði smiðjuna til helminga með Br. Proppé. Það er því í mörg horn að líta í starfsemi safnsins og sannarlega margt að sjá og upplifa." ■

Jóna Símonía Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða, segir að á safninu sé margt að sjá og upplifa.

MYNDIR/HERBERT SNORRASON

Á safninu er fjallað um áhrifin sem þróunin í sjávarútvegi hafði á konurnar á svæðinu.

Á safninu er meðal annars hægt að skoða ýmis áhugaverð verkfæri fyrri tíma.

Á safninu er meðal annars hægt að skoða nokkur falleg líkön af bátunum sem notaðir voru til fiskveiða á Vestfjörðum í gamla daga.

Safnið geymir líka alls kyns fallega muni sem varpa ljósi á hversdagslíf almennings á horfnum tíma.

Sjósókn er stór hluti af atvinnusögu Vestfjarða og á safninu eru alls kyns munir tengdir henni.

Endaði ein á safni um brostin sambönd

Ingibjörg Halldórsdóttir var á námskeiði í Zagreb fyrir nokkrum árum þegar hún fór inn á eitt eftirminnilegasta safn sem hún hefur komið á. Safn um brostin sambönd.

sandragudrun@frettabladid.is

Ingibjörg, sem er stjórnandi heimildamyndahátíðarinnar IceDocs, var stödd í Zagreb til að taka þátt í námskeiði um kvikmyndahátíðir þegar hún fór á safn sem hún gleymir ekki. Það heitir Museum of Broken Relationships, eða Safn brostinna sambanda.

„Mig minnir að þetta hafi verið árið 2017. Ég hafði mælt mér mót við stelpur frá Póllandi sem voru með mér á námskeiðinu," útskýrir Ingibjörg um aðdraganda þess að hún fór inn á þetta áhugaverða safn.

„Vanalega fer ég á listasöfn eða eitthvað svoleiðis svo ég var ekkert rosalega spennt fyrir þessu safni. En þær drógu mig með sér þangað. En svo var eitthvert símavesen á milli okkar. Það gleymdist að slá inn landskóða eða eitthvað þannig þegar við reyndum að hringja í hver aðra þannig að ég fann þær aldrei. Ég endaði þess vegna á að vera ein inni á þessu safni sem mig langaði ekkert mikið að fara á."

Ingibjörg segir að safnið sé mjög íburðarlítið. Allir veggir eru hvítir, á gólfinu eru stöplar með munum sem fólk hefur sent safninu og við hvern mun var skrifuð sagan sem fylgdi honum. Saga um samband sem entist ekki.

„Safnið var stofnað af pari sem hafði nýlega hætt saman og hugmyndin var að stofna safn um það sem gerist þegar sambönd slitna. Ef ég skil það rétt," segir Ingibjörg.

„Það á að snúast um þessa hugmynd um hversu erfitt það er þegar leiðir skilja. En það er algjör tilfinningarússíbani að fara í gegnum þetta safn," bætir hún við.

Kveikir sterkar tilfinningar

Ingibjörg segir að safnið sé sett upp þannig að fyrst eru skoðaðir munir sem tengjast tengslum barna við foreldra. Svo koma munir og sögur tengd æskuástum og unglingsárunum og svo færast sögurnar lengra inn í fullorðinsárin.

„Fólk sendir safninu muni með stuttum sögum. Það er oftast einn munur og þú getur lesið söguna sem fylgir honum. Það borgar sig að taka sér góðan tíma á safninu því mann langar að lesa allar sögurnar þegar maður sér munina," segir hún.

„Sögurnar verða erfiðari og erfiðari eftir því sem þær færast lengra inn í fullorðinsárin og fólk er kannski að deyja eða það eru komin flókin fjölskyldusamskipti og annað slíkt. Í lokin er svo bók þar sem fólk getur skrifað sínar eigin sögur. Það gera það flest allir því maður opnast svo tilfinningalega af að vera þarna inni. Þetta er svo látlaust og fallegt safn sem kveikir hjá manni mikla tilfinningu þegar maður er þar inni."

Ingibjörg Halldórsdóttir sér ekki eftir að hafa verið dregin inn á safnið um brostin sambönd. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gestir geta sagt sínar sögur. MYNDIR/MARE MILIN, MUSEUM OF BROKEN RELATIONSHIPS

Munirnir eru safninu eru allt frá þessum rauða brúðarkjól til barnaleikfanga. Allir með sína sögu.

Fyndnar og tilfinningaþrungnar

Munirnir á safninu eru alls konar. Allt frá barnaleikföngum upp í hælaskó frá vændiskonum. Alls kyns litlir hlutir sem höfðu einhverja merkingu í tengslum sendandans við annað fólk, ekki bara ástarsamband heldur líka annars konar tengsl og sambönd sem höfðu rofnað. Ingibjörg minnist á eina sérstaklega eftirminnilega sögu sem hún las á safninu.

„Sagan var frá konu sem hafði átt í ástarsambandi við yngri mann. Hann hafði sent henni brennda geisladiska, svona eins og fólk gerði í gamla daga, þegar ég var ung," segir hún og hlær.

„Konan sendi safninu geisladiskana því hún ákvað að slíta sambandinu svo maðurinn gæti eignast fjölskyldu, en hún gat ekki veitt honum það. Börnin hennar vissu ekki af þessu sambandi og hún vildi ekki að þau vissu af því. Þess vegna sendi hún safninu geisladiskana," heldur hún áfram.

„Sumar sögurnar voru svona eins og þessi, mjög tilfinningaþrungnar, en svo voru aðrar bara fyndnar, eins og körfuboltabúningur og við hann stóð: He was a player." (Sem má þýða sem: Hann var leikmaður, eða einhver sem spilar með tilfinningar).

Ingibjörg segir að safnið flakki einnig á milli landa með gestasýningar þar sem þau fá send ógrynni af munum sem ná aldrei inn á sjálft safnið í Zagreb.

„Ég sé ekki eftir að hafa látið draga mig inn á þetta safn. Þetta var óvæntasta uppgötvunin mín í þessari ferð og klárlega það sem ég man best eftir. Ég mæli með að fólk kíki á það ef það á ferð um Zagreb. En Zagreb er líka alveg dásamleg borg á hvaða árstíma sem er og alveg heimsóknarinnar virði." ■

Skógasafn er eitt stærsta og fjölsóttasta safnið á landsbyggðinni

SKÓGASAFN
Skógar Museum

Þar er að finna byggðasafn, húsasafn og samgöngu- og tækniminjasafn með fjölbreyttar sýningar á um 2.500 m².

Minjagripaverslun og veitingastaðurinn Freya Cafe eru í Samgöngusafninu.

Góður afsláttur fyrir hvers kyns hópa, sendið okkur fyrirspurnir á **booking@skogasafn.is** og fáið tilboð.

Opið:
Vetur: 10:00-17:00
Sumar: 9:00-18:00

Nánari upplýsingar má finna á:
www.skogasafn.is
www.facebook.com/SkogarMuseum
www.instagram.com/SkogarMuseum
netfang: booking@skogasafn.is

SUMARSMIÐJUR VATNSDROPANS

VATNSDROPINN

Á BÓKASAFNI KÓPAVOGS

14. JÚLÍ

NÝTNI- OG HUGMYNDAGLEÐI

Umhverfisvæn listasmiðja þar sem nýtt eru efni og afskorningar sem falla til hjá fyrirtækjum í nágrenninu.

21. JÚLÍ

SÖGU- OG SPUNASMIÐJA

Sleppum ímyndunaraflinu lausu og semjum og myndskreytum okkar eigin sögu.

FAGMENNTAÐIR LEIÐBEINENDUR Í ÖLLUM SMIÐJUM

Skráning fer fram á **bokasafn.kopavogur.is**

Í ALLT SUMAR ER OPIÐ HÚS Í SKÖPUNARRÝMINU

Þar er boðið upp á:

LJÓÐABÓK NÁTTÚRUNNAR

- ljóðagerð og myndskreytingar

MATARGAT

- fræ, sáning og ræktun

ÚTSAUM

- saumum saman náttúrudúk

MEKÓ
MENNING Í KÓPAVOGI

Eldheimar eru áhugavert safn í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fróðleikur um eldgosið í Eyjum

Eldheimar er gosminjasýning í Vestmannaeyjum. Sýningin miðlar áhugaverðum fróðleik um eldgosið í Vestmannaeyjum 1973. Skyggnst er inn í mannlífið og umhverfið í Vestmannaeyjum fyrir gos og hvernig náttúruhamfarirnar í janúar 1973 gripu inn í samfélagið og líf fólksins. Nær allir íbúar Heimaeyjar urðu að yfirgefa heimili sín í skyndi og flýja eyjuna. Margir sáu húsin sín, sem og megnið af eigum sínum, aldrei aftur.

Gosið stóð yfir í rúmlega fimm mánuði. Hraun og aska eyðilögðu þriðjung byggðarinnar í Eyjum, eða tæplega 400 hús og byggingar. Meðan gosið stóð yfir var mikil óvissa um það hvort nokkurn tímann yrði aftur mannabyggð á eyjunni.

Gosminjasýningin Eldheimar lýsir þessari atburðarás á áhrifamikinn hátt. Miðpunktur sýningarinnar er húsið sem stóð við Gerðisbraut 10. Húsið gröfst undir ösku í gosinu og var síðan grafið upp. Hægt er að sjá á áhrifamikinn hátt dæmi um hvernig náttúruhamfarirnar fóru með heimili fólks.

Þeir sem eru á ferðalagi til Eyja ættu að kíkja á þetta áhugaverða safn en það er opið frá 11–17. ■

Gestir sýningarinnar Komdu að leika! geta farið í búðarleik í Lúllabúð. MYND/BORGARSÖGUSAFN

Gömul leikföng skoðuð

starri@frettabladid.is

Gömul leikföng eru uppistaðan í sýningunni Komdu að leika! í Árbæjarsafni í Reykjavík sem heyrir undir Borgarsögusafn. Sýningin er ein af fastasýningum Árbæjarsafns og er opin á sama tíma og safnið.

Sýningin fjallar um um leikföng barna og leiki í Reykjavík á síðustu öld og er þar varpað ljósi á fjölbreytileika og þróun leikfanga og hvernig leikir endurspegla samfélagið á hverjum tíma.

Á Komdu að leika! geta gestir kynnt sér fjölda leikfanga frá ýmsum tímum í vörslu Borgarsögusafns Reykjavíkur en um er að ræða upplifunarsýningu þar sem áhersla er lögð á sköpun, ímyndunarafl og skemmtun.

Helsti kostur sýningarinnar er sá að ekki er bara hægt að horfa á leikföngin heldur má leika sér með dótið á sérstökum tímastöðvum sem gerir hana enn áhugaverðari.

Sýningin hefur ekki bara vakið athygli yngri gesta sem finnst fróðlegt að skoða gömul leikföng heldur einnig vakið ljúfar minningar hjá eldri safngestum.

Nánari upplýsingar má finna á borgarsogusafn.is. ■

Djass í Skógasafni

Margir koma við á Skógasafni þegar ekið er um sveitir undir Eyjafjöllum. Þar er varðveittur menningararfur Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga í atvinnutækjum til sjávar og sveita. Sömuleiðis bækur, handrit og skjöl allt frá landnámsöld. Samgöngusafnið miðlar sögu samgangna á Íslandi á 19. og 20. öld. Það er því margt að sjá og skoða á safninu.

Þórður Tómasson var einn helsti sérfræðingur landsins í þjóðlegum fræðum en hann stóð vaktina í Skógasafni í rúm 60 ár. Þórður veitti gestum leiðsögn um safnið sem oftar en ekki endaði á orgelleik og söng. Söfnun hans á fornmunum hefur verið ómetanlegt innlegg fyrir íslenska þjóðmenningu.

Á hverju sumri er djasshátíð í Skógum undir Eyjafjöllum og fer ein slík fram um næstu helgi í Samgöngusafninu. Tónleikarnir hefjast klukkan 15. Það eru Marína Ósk, Mikael Máni Ásmundsson sem leikur á gítar, Sigmar Þór Matthíasson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur sem koma fram á laugardag en á sunnudag kemur fram kvartett Rebekku Blöndal sem mun leika af fingrum fram. Með Rebekku verða þeir Ásgeir J. Ásgeirsson á gítar, Sigmar Þór Matthíasson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur. Aðgangur er ókeypis báða dagana. Safnið er opið frá 9–18 á sumrin. ■

Byggðasafnið á Skógum hefur fallega umgjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þrjú hús — Eitt safn
Three Locations — One Museum

Opnunartímar
Opening Hours
10:00–17:00

Lokað mánudaga
október–maí
Closed Mondays
Oct.–May

Listasafn Íslands hefur yfir að ráða ólíkum sýningarhúsum sem hafa hvert sína sérstöðu. Heimsókn í húsin gefur góða mynd af því öfluga myndlistarlífi sem einkennir íslenska þjóð, en skapar um leið fjölbreytta upplifun fyrir safngestinn.

Listasafn Íslands
National Gallery of Iceland

Fríkirkjuvegur 7
101 Reykjavík

Fjölbreyttar sérsýningar, íslenskar og alþjóðlegar í fjórum sölum sem standa yfir um nokkurra mánaða skeið. Sýningarnar eru niðurstöður listsögulegra rannsókna eða veita sýn á ný eða nýleg verk listamanna. Hver heimsókn felur í sér ný og óvænt kynni við myndlistina.

Safnahúsið
The House of Collections

Hverfisgata 15
101 Reykjavík

Listarfur úr safneign er hér sýndur með þeim formerkjum að auðga skilning á rótum myndlistarinnar, til að kanna, skilja og þenja mörk hugmynda og hugsana í nýjar áttir. Mikilvæg verk úr safneign eiga hér samastað og starfsemin eflir myndlæsi, rökhugsun, akademíska umræðu og skýrir samspil náttúru og vísinda.

Hús Ásgríms Jónssonar
Home of an Artist

Bergstaðastræti 74
101 Reykjavík

Hús listamannsins er heimili Ásgríms Jónssonar (1876–1958) í grónu íbúðahverfi við Bergstaðastræti. Í húsinu gefst nánd við liðinn tíma og við listamann sem var einn frumherja íslenskrar málaralistar. Heimsókn í hús listamannsins skapar einlæga mynd af hvernig listamaður helgaði sig að eigin listsköpun.

+354 515 9600

Listasafn Íslands
National Gallery of Iceland

www.listasafn.is

Fjölþætt og fyrirbyggjandi vörn gegn þvagfærasýkingum

Bætiefnið Comfort-U frá Good Routine er öflug vörn fyrir þvagfærakerfið og byggir á fjórum virkum innihaldsefnum sem hafa þekkta eiginleika til þess að koma í veg fyrir blöðrubólgu/þvagfærasýkingu.

„Comfort-U er sérhannað fyrir fólk sem vill koma í veg fyrir blöðrubólgu/þvagfærasýkingu, sem er ein algengasta bakteríusýkingin og algengari hjá konum en körlum. En ein af hverjum fimm konum upplifir að minnsta kosti eina þvagfærasýkingu á ævinni," segir Freydís Hjálmarsdóttir, næringarfræðingur að mennt, með BSc, og meistaragráðu í næringarfræði.

„Einstaklingur sem hefur fengið þvagfærasýkingu er í aukinni hættu á að fá sýkingu aftur og talið er að um fjórðungur fái endurtekna sýkingu innan sex mánaða og þriðjungur innan árs. Þar af leita hundruð sýklalyfjameðferðar við þvagfærasýkingum á Íslandi á hverju ári. Yfir 80% þvagfærasýkinga eru taldar vera af völdum þarmabakteríunnar e.coli, en aðrar bakteríur, sveppir og sníkjudýr geta líka valdið þvagfærasýkingum."

Fyrirbyggjandi er lykilatriði

Þvagfærasýkingar geta verið afar óþægilegar en eru þó oftast skaðlausar að sögn Freydísar. „Einstaka sinnum nær sýkingin til efri þvagfæra eins og nýrna, en það er afar óalgengt. Til að mynda verða 30% þvagfærasýkinga einkennalausar á innan við viku án meðferðar. Hins vegar getur verið erfitt að eiga við síendurteknar sýkingar. Þótt þær séu meðhöndlaðar á áhrifaríkan hátt með sýklalyfjum, getur óhófleg notkun sýklalyfja leitt til skaðlegra, heilsufarslegra afleiðinga.

Freydís fagnar því að vara eins og Comfort-U sé komin á markað fyrir íslenskar konur. MYNDIR/AÐSENDAR

Til að forðast of mikla útsetningu fyrir sýklalyfjum leita margir til fæðubótarefna og náttúrulyfja. Rannsóknir þar að lútandi eru af skornum skammti og sumar misvísandi, en nokkur fæðubótarefni gefa góða raun þegar kemur að því að koma í veg fyrir þvagfærasýkingu."

Fjögur virk efni

Comfort-U inniheldur fjögur efni sem rannsóknir hafa sýnt fram á að geti hjálpað til við að fyrirbyggja þvagfærasýkingar. Það eru einsykran D-mannóse, þarmagerillinn Lactobacillus rueteri og svo virku efnin í trönuberjum og sortulyngslaufum (e. bearberry leaf). „Trönuberin eru frægust, en eitt virku efnanna í þeim er einmitt „D-mannóse". Sortulyngslauf þekkja flestir undir nafninu Uva ursi og „Lactobacillus rueteri" er einn af góðgerlunum sem finna má til dæmis í AB -mjólk.

Af þessum fjórum efnum hefur D-mannóse komið hvað best út úr þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar með tilliti til forvarnar á þvagfærasýkingum. Rannsóknir á D-mannóse sýna fram á marktæka minnkun á endurteknum þvagfærasýkingum hjá þeim sem fá þær reglulega. Til þess að sýking nái

Comfort-U inniheldur fjögur efni sem rannsóknir hafa sýnt fram á að geti hjálpað til við að fyrirbyggja hinar hvimleiðu þvagfærasýkingar.

fótfestu í þvagfærum þarf e.coli eða önnur örvera að ná að festast við blöðruvegginn. Virkni D-mannóse er sú að bindast til dæmis e.coli bakteríum, skola þeim út með þvagi og koma þannig í veg fyrir sýkingu.

Trönuber innihalda meðal annars D-mannóse, hippúrsýru og anthósýanín, sem eru talin torvelda e.coli að festast við þvagblöðruvegginn. Ekki eru allir á eitt sáttir, en samantekt margra rannsókna sýnir fram á verndandi áhrif D-mannóse gegn þvagfærasýkingum hjá konum sem fá þær reglulega. Ekki skemmir fyrir að trönuber hafa líka marga aðra heilsubætandi kosti.

Lauf sortulyngs, (önnur nöfn: uva ursi, bjarnaber, fjalla-trönuber) hafa í árþúsundir verið notuð til að meðhöndla þvagfærasýkingar. Nú benda rannsóknir til þess að það sé svo sannarlega eitthvað til í því og kallað hefur verið eftir fleiri rannsóknum. Sortulyngið inniheldur örverueyðandi efnasambönd sem vinna gegn óvingjarnlegum bakteríum og hjálpa við upptöku á efnum úr trönuberjum. Efnasambönd í laufunum, svo sem Arbutinin, eru talin vinna gegn útbreiðslu e.coli meðal annars og trufla viðloðun bakteríunnar við blöðruvegginn," segir Freydís.

Hjálplegar örverur

Jafnvægi í þvagkerfisflórunni er svo viðhaldið með hjálp gagnlegu bakteríunnar Lactobacillus rueteri. „Hjálplegu örverurnar í líkamanum kallast góðgerlar og er fjöldinn allur af þeim í meltingarkerfinu. Við getum bætt um betur með trefjaríku fæði, ab-mjólk og skyldum vörum, súrsuðum mat og bætiefnum.

Sumir góðgerlar viðhalda jafnvægi í þvagi, leggöngum og meltingarvegi með því að framleiða efnasambönd sem leyfa ekki óvinveittum bakteríum að vaxa. Sá stofn sem er talinn hvað mikilvægastur fyrir þvagfærakerfið er Lactobacillus rueteri. Þessi bakteríustofn getur endurheimt náttúrulegt örverujafnvægi í þvagfærum og getur myndað efnasambönd sem leyfa ekki óvinveittum bakteríum að vaxa og dafna."

Fjölþætt fyrirbyggjandi virkni

Í Comfort-U koma saman þrjú virk innihaldsefni sem eru studd af rannsóknum, ásamt Lactobacillus rueteri stofni. Saman eru þessi efni talin geta stutt heilbrigði þvagfæra og veitt fjölþætta vörn gegn þvagfærasýkingum. „Til eru margir mismunandi stofnar góðgerla og fjöldi þeirra í hverjum skammti er merktur með einingunni CFU sem stendur fyrir „colony formin unit", eða nýlendumyndandi stofn. Í Comfort-U er réttur stofn í nægilegu magni til að hafa tilskilin áhrif án þess að valda skaða, enda er þetta verðlaunuð formúla. Comfort-U er náttúrulegt bætiefni sem kemur í pillu- og belgjaformi.

Forvörn er alltaf best og Comfort-U hefur það fram yfir sýklalyf að vera laust við aukaverkanir eins og ógleði og magaeinkenni. Comfort-U skaðar ekki vinveittu þarmaflóruna sem er einn helsti ókostur sýklalyfja. Hins vegar er sýklalyfja alltaf þörf ef sýking er staðfest í efri hluta þvagfæra eins og nýrum og ávallt skal fylgja læknisráði. Þegar stór hluti kvenna er með endurteknar þvagfærasýkingar, fögnum við því þegar vara á borð við Comfort-U kemur á markað." ■

Good Routine fæst í Lyf og heilsu, Apótekaranum, Hagkaup og Krónunni.

Sólin hefur líka jákvæð áhrif

Niðurstöður sænskrar rannsóknar gefa í skyn að það geti verið hættulegt að nýta ekki sólina þegar hún gefst. Í rannsókninni var lögð áhersla á að skoða fólk sem alla jafna forðast sólina. Fyrstu niðurstöður birtust 2016 og nú hafa framhaldsrannsóknir verið birtar.

elin@frettabladid.is

Vísindamennirnir segja að konur sem vilja vera úti í sól gætu verið í minni hættu á að fá hjarta- og æðasjúkdóma og sykursýki 2. Að forðast sólina gæti verið jafn hættulegt og að reykja. Rannsóknin er byggð á rannsókn á 29 þúsund konum í Suður-Svíþjóð á 30 ára tímabili. Konurnar hafa svarað spurningalistum á tíu ára fresti. Spurt var hvort þær færu í sólbað á sumrin, ferðuðust til suðlægari landa til að fara í sólbað, hvort þær notfæri sér sólbaðsstofur eða færu í sól í vetrarfríum.

Húðlæknar ekki sammála

Húð- og krabbameinslæknar eru ekki sammála þessari rannsókn og hafa skapast heitar umræður um hana í Svíþjóð. Rannsóknin var fyrst birt árið 2016 í læknatímaritinu Journal of Internal Medicine og kom þá strax fram gagnrýni frá húðlæknum í Svíþjóð.

„Ekki er hægt að fullyrða að orsakatengsl séu á milli lítils sólarljóss og hættu á hinum ýmsu sjúkdómum. Nokkrar rannsóknir styðja þó tenginguna," segir Pelle Lindqvist við Dagens Nyheter. Hann er prófessor í klínískri faraldsfræði við Karólínska stofnunina og aðalrannsakandi á bak við rannsóknina. Hann segir að góð áhrif sólarinnar séu mikilvæg þótt nauðsynlegt sé að sóla sig ekki of mikið. Stutt sólbað getur verið ákjósanlegt fyrir heilsuna.

Jafnan er því haldið fram að við eigum að forðast sólina og bera á okkur sólarvörn með háum stuðli til að verja líkama okkar. Samkvæmt rannsókninni er aukin hætta á húðkrabba hjá þeim sem eru mikið í sólbaði. Dauðsföll af völdum húðkrabba eru um 2 prósent og hafa verið að aukast. Rannsakendur segja að konur sem stunda sólböð séu þó betur í stakk búnar til að lifa af húðkrabbamein heldur en þær sem forðast sól en fá sjúkdóminn engu að síður.

Tilgátan er sú að sólin gefi mikið D-vítamín sem styrkir ónæmiskerfið. Þegar útfjólublá geislun berst í húðina losnar nituroxíð í líkamanum. Það hjálpar til við að víkka út æðar og lækka blóðþrýsting. Vísindamenn telja að það geti verið skýringin á minni hættu á hjarta- og æðasjúkdómum ef fólk nýtur sólarbirtu. Sólarljósið stjórnar einnig melatóninframleiðslu líkamans. Það sem ekki kemur fram í greininni er að útivistarfólk hreyfir sig gjarnan mikið um leið og það fær í sig sólarljós. Líklegt er að það hafi góð áhrif á heilsuna.

Sólin gefur okkur D-vítamín og getur verið heilsusamleg. Gæta verður þess þó að bera á sig vörn til að verjast bruna og ekki vera úti á heitasta tíma dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Hann segir að góð áhrif sólarinnar séu mikilvæg þótt nauðsynlegt sé að sóla sig ekki of mikið. Stutt sólbað getur verið ákjósanlegt fyrir heilsuna.

Sólbað ekki skaðlaust

Ada Girnita, húðsjúkdómafræðingur á Karólínska sjúkrahúsinu, er ekki sammála rannsókninni og segir alls ekki skaðlaust að liggja í sólbaði. „Ef maður skoðar rannsókn Pelle sést aukin tíðni húðkrabbameins í þeim hópi sem nýtur mikillar útiveru. Það eru 14 tilfelli sortuæxla í hópnum sem fer ekki í sólbað en 126 hjá þeim sem kjósa að liggja í sólbaði," sagði hún í sænska sjónvarpinu. „Því meira sem fólk er úti í sólinni þeim mun meiri hætta er að fá húðkrabbamein."

Að sögn Ödu eykst hættan á að fá húðkrabbamein ef farið er mikið í sólbað en þó sé erfitt að skilgreina hvað sé mikið. „Það er hægt að skilgreina sólbað þegar maður liggur og steikir sig á ströndinni en ef fólk er mjög virkt í útiveru, hjólar, spilar golf, gengur eða vinnur úti í sólinni er það ekki beint sólbað en engu að síður fær fólk mikið sólarljós. Þess vegna getur verið erfitt að meta muninn á miklu sólbaði eða virkum lífsstíl," segir hún.

Gott af smá sól

Norskur húðkrabbameinssérfræðingur, Trude Eid Robsahm, segir við forskning.no að ekki sé hægt að segja fólki að forðast sólina. „Við höfum gott af smá sól. En við ættum að læra af fólki sem býr í heitum löndum og hlífa okkur frá sterkustu geislunum. Við þurfum að læra að vera í skugga á heitasta tíma dagsins í stað þess að grilla okkur í sól," segir hún.

„Fólk ætti að hætta hvers kyns óþarfa sólbaði. Jafnvel þótt fólk brenni ekki getur sólin skemmt húðina og verið hættuleg," sagði Jan Lapins, sérfræðingur í húðkrabbameini, í samtali við sænska útvarpið. Sérfræðingarnir eru sammála um að allir ættu að nota sólarvörn til að verjast geislum sólar þótt hinn sænski prófessor sé á öðru máli. ■

Smáauglýsingar

550 5055 JR
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Mercedes Benz C 350 e 3/2017 bensín / rafmagn. Ekinn aðeins 30 þús. Km. Eldri herramaður sem er hættur að keyra er að láta þennan frá sér til nýs heimilis. Ef þú lætur hann fá 4,5 mills. Þá færð ann !

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

MERCURY
Utanborðsmótorar
2,5 - 600 hp.

Verkstæði Vélasölunnar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercruiser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum

Eigum til Mercury mótora á lager
2,5hp - 4hp - 6hp - 9,9hp - 15hp - 20hp og 60hp

Getum útvegað með stuttum fyrirvara 115 hp og 150 hp seapro.

Einnig úrval rafmótora.

R.SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavík

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR

JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir
Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Fiskeldi á Röndinni, Kópaskeri

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrsla Rifóss hf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is

Undirborðskælar

scandomestic

103 ltr.

SC 131 HE
Undirborðskælir - 103L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 500 x 530 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð

127 ltr.

SC 141 HE
Undirborðskælir - 127L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 600 x 530 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð

308 ltr.

SC 311 SLE
Undirborðskælir - 308L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 1350 x 520 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð

198 ltr. d.520

Þykkt frá vegg 520 cm

SC 211 SLE
Undirborðskælir - 198L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 900 x 520 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð

198 ltr. d.530

Þykkt frá vegg 530 cm

SC 211 HDE
Undirborðskælir - 198L - Umhverfisvæn loftkæling - HxBxD: 865 x 900 x 530 - Rafræn hitasýring - LED lýsing - Sjálflokandi hurð

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Tepptur í sólarhring í vöggu íslenska flugsins

Kári Jónasson
fyrrverandi fréttamaður og leiðsögumaður

Það er ákveðin reynsla fyrir höfuðborgarbúa að vera tepptur á Akureyri – vöggu íslenska flugsins – í heilan sólarhring um hásumar, vegna þess að vélar Flugfélags Íslands – sem nú heitir Icelandair – eru annaðhvort bilaðar eða í skoðun samkvæmt upplýsingum forstjóra félagsins. Auðvitað þarf að skoða vélarnar, en þarf að skoða margar á sama tíma á hávertíðinni? spyr maður sig.

Ný og ný skilaboð um brottför

Allt þetta flugvesen byrjaði miðvikudaginn 29. júní með því að tilkynnt var um seinkun á kvöldfluginu frá Akureyri til klukkan rúmlega tíu um kvöldið. Svo leið og beið í flugstöðinni og einhver tölvuvandræði voru með innritun. Allt í einu kemur stöðvarstjórinn sjálfur og tilkynnir að fluginu hafi verið aflýst, en gaf engar frekari skýringar aðrar en þær að farþegar myndu fá upplýsingar eftir klukkutíma um brottför daginn eftir. Fór nú kurr um hópinn og þeir sem voru að koma til brottfarar urðu mjög hissa þegar aðrir farþegar sögðu þeim tíðindin. Svo kom tölvupóstur þar sem sagði að undirritaður ætti far daginn eftir um klukkan 14, og var þá útséð um að komast í væntanlega jarðarför. Ekki annað en að koma sér á svefnstað og sjá hvað næsti dagur bæri í skauti sér. Morgunkaffi á Bláu könnunni og síðan á BSO að fá bíl út á flugvöll. Þegar konan í afgreiðslunni heyrði hvert ég væri að fara sagði hún að búið væri að aflýsa fluginu, en ég hafði þá hins vegar ekki fengið neina tilkynningu um það. Þá var að leita á náðir vina og kunningja og brátt kom SMS: Brottför klukkan 18. Svo komu önnur skilaboð: Brottför klukkan 19 og þá var þotan komin til umræðu. Allt dróst þó og ekki var lent í Reykjavík fyrr en á níunda tímanum. Í kveðjuávarpi sínu afsakaði flugfreyjan töfina á þotunni frá Akureyri, en virtist ekki gera sér grein fyrir að farþegar hennar höfðu margir hverjir beðið í nærri einn sólarhring eftir farinu suður.

> Það vantar samkeppni í innanlandsfluginu, líkt og í millilandafluginu.

Sumir fengu ókeypis veitingar, aðrir ekki

Í biðsalnum á Akureyri varð ég var við að einn og einn farþegi hafði fengið ávísun á veitingar hjá Baldvin og hans fólki, en hins vegar varð ég ekki var við að þetta væri boðið að fyrra bragði við innritun, og hefði þó félagið átt að sjá sóma sinn í því. Farþegar geta að sjálfsögðu sótt rétt sinn eftir á varðandi aukaútgjöld í tilvikum sem þessum. Á heimasíðu félagsins eru allar upplýsingar þar að lútandi. En þetta er eins og hjá Tryggingastofnun, að fólk verður að hafa sig eftir hlutunum, það er sjaldan neitt boðið að fyrra bragði.

Það vantar bara samkeppni í þetta flug, sagði leigubílstjóri á leið utan af flugvelli þegar fluginu var aflýst á miðvikudagskvöldið. Þá var þota Niceair á vellinum og manni datt í hug hvort þeir Þorvaldur og félagar væru ekki farnir að huga að innanlandsflugi í samkeppni við Flugfélagið. Hver veit?

Líklega hafa eitthvað í kringum 500 manns nyrðra og syðra, eða jafnvel fleiri, lent í vandræðum vegna þessara vélabilana og skoðana og gætu sagt alls konar sögur af samskiptum sínum við félagið. Þetta er bara ein af þeim.

Þetta gerist um hásumar, ekki vetur

Það sem stingur í augun er að þetta gerist um háannatímann og maður hefði haldið að það væri vitað með töluverðum fyrirvara um allar skoðanir á Bombardier eða De Havilland vélunum, þannig að eitthvað mikið hefur farið úrskeiðis.

Maður hefur oftsinnis á undanförnum 30-40 árum lent í því að flugi hefur seinkað eða það verið fellt niður hjá Flugfélaginu vegna veðurs – ekki síst frá Ísafirði – og orðið innlyksa eða tekið bílaleigubíl suður. Hins vegar rekur mig ekki minni til þess að ég hafi lent í þessu með hópana sem ég hef verið með undanfarin ár. Þá höfum við flogið frá Akureyri að morgni. Það sama gildir um ótal ferðir til Grænlands með hópa, en ég hef kannski verið óvenju heppinn í þeim ferðum, því margir leiðsögumenn hafa lent illa í því þar.

Það vantar samkeppni

Það læðist að manni sá grunur að sé innanlandsfloti sé Flugfélagsins ekki nógu stór til að annast innanlands og Grænlandsflug yfir hásumarið, og að félagið hafi færst of mikið í fang. Það er ekki hægt að bjarga málunum með einni og einni þotuferð hvað varðar Grænland, þar eru það eingöngu þessar kanadísku vélar sem duga vegna malarflugvalla og stuttra flugbrauta. Hér innanlands er varla hægt að tala um samkeppni á þessum leiðum, þótt Húsvíkingar og nágrannar njóti þess að Ernir fljúgi til og frá Aðaldal.

Niðurstaðan er því sú að það vantar samkeppni í innanlandsfluginu, líkt og í millilandafluginu – öllum til góðs. ■

Eftirbátarnir á Íslandi

Helga Sigrún Harðardóttir
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands

Viðskiptaráð birti nýverið niðurstöður alþjóðlegrar úttektar á samkeppnishæfni ríkja. Ísland situr í 58. sæti af 63 þegar kemur að alþjóðaviðskiptum. Skilvirkni vinnumarkaðarins, hæfni stjórnvalda og hár kostnaður eru nefndar sem helstu ástæður þess að við rekum lestina. Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Noregur, sem eiga sæti meðal níu efstu, leggja öll mikið upp úr traustu og góðu samstarfi og stuðningi við innlend staðlasamtök. Þau vita að þau eru lykillinn að samkeppnishæfni á alþjóðlegum mörkuðum, hagkvæmni, aukinni framleiðni, kostnaðarlækkun, meiri árangri, sameiginlegum skilningi og trausti. Staðlanotkun og virk þátttaka í stöðlunarstarfi felur líka í sér aðkomu að lausnum á mörgum stærstu áskorunum samtímans, s.s. loftslagsmálum, en þær verða þó ekki til úr engu.

Því miður er áhugaleysi íslenskra stjórnvalda á staðlatengdum málefnum áþreifanlegt. Eftir hrun rifti ríkið samkomulagi um fjármögnun einhliða. Samkomulagi um að lögbundið stöðlunarstarf væri greitt af atvinnulífinu með hlutdeild Staðlaráðs í tryggingagjaldi. Án umræðu. Fagráðherrar staðlamála hafa síðan skammtað stöðlunarstarfi fjármagn. Úr hnefa. Með geðþóttaákvörðunum, því kostnaðarmat lögbundinna verkefna hefur aldrei farið fram.

Ríkið hefur á tíu árum haldið eftir 420 milljónum af þeim fjármunum sem atvinnulífið hefur greitt til staðlastarfs. Ekki er lengur unnt að veita fyrirtækjum og ríkisstofnunum þjónustu sem atvinnulífið hefur þó greitt fyrir. Ekki er lengur unnt að fræða og upplýsa um staðlatengd mál sem varða íslenska viðskiptahagsmuni. Án staðlanotkunar í atvinnulífinu og stjórnsýslunni verðum við ekki samanburðarhæf og flækjustigið við að eiga við okkur viðskipti of hátt til að það svari kostnaði. Staðlanotkun er lykill að alþjóðlegum mörkuðum og fjármagni. WTO, Marel og Össur vita það. Líka Carbfix og Skógræktin. Og stjórnendur og sérfræðingar 40 fyrirtækja og opinberra stofnana sem nýverið sendu stjórnvöldum áskorun um að tryggja fjármögnun staðlastarfs. Áskorun sem ekki hefur verið svarað. Enn þá. Samkeppnishæfni ríkja er forsenda aukinna lífsgæða, efnahagslegra framfara og sjálfbærrar verðmætasköpunar. Það er þó tómt mál að tala um þegar stefnt er hraðbyri í einangrun og stöðnun. ■

Merkisatburðir

1568 Aðferðin við að koma bjór á flöskur er fullkomnuð.
1837 Viktoría Bretadrottning flytur inn í Buckinghamhöll, fyrst enskra þjóðhöfðingja.
1864 Fjórtán manns farast á skipi í lendingu við Pétursey í Mýrdal.
1938 Kröller-Müller-safnið er opnað í Hollandi.
1942 Fimm þúsund pólskir og úkraínskir gyðingar eru teknir af lífi af nasistum.
1959 Eyjólfur Jónsson syndir frá Vestmannaeyjum til lands á fimm og hálfri klukkustund.
1984 Stangarstökkvarinn Sergei Bubka setur nýtt heimsmet og stekkur 5,89 metra.
1985 LiveAid-tónleikar fara fram á nokkrum stöðum í heiminum. Þeir eiga að vera mikilvægur liður í að styrkja stöðu bágstaddra í Afríku.
2014 Þýskaland hampar sigri á heimsmeistaramóti karla í knattspyrnu.

†

Okkar fallega og ástkæra

María Sigurðardóttir

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 6. júlí.
Útför fer fram frá Vídalínskirkju þriðjudaginn 26. júlí kl. 13.00.

Páll Sigurðsson
Vilhjálmur Þór Ólason **Sara Finney Eggertsdóttir**
Sigurður Ólason **Stella Þórðardóttir**
Óli Már Ólason **Sigríður Sóley Hafliðadóttir**
Sveinn Pálsson **Ragnheiður Þorgrímsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Gyða Þórarinsdóttir

frá Stórahrauni,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, föstudaginn 1. júlí.
Útförin fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, Hátúni 2 Reykjavík, mánudaginn 18. júlí kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Samhjálp og útvarpsstöðina Lindina. Jarðarförinni verður streymt á filadelfia.is/live og Hvítasunnukirkjan Fíladelfía á Facebook.

Hafliði Guðjónsson
Guðjón Hafliðason **Líney Kristinsdóttir**
Ómar Hafliðason **Frieda Roolf Michisdóttir**
Arnbjörg Hafliðadóttir **Sævar Jóhannesson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Andrés Þ. Guðmundsson

Hrafnistu,
áður til heimilis að Hrauntungu 11,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu Laugarási þann 6. júlí.
Innilegar þakkir færum við starfsfólki Lækjartorgs sem annaðist hann af mikilli hlýju og alúð. Útförin hans fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 14. júlí kl. 15.00.

Inga Jóna Andrésdóttir
Ásta Andrésdóttir
Andrés Andrésson **Anna Guðmundsdóttir**
Ásthildur Davíðsdóttir
og fjölskyldur þeirra.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Guðmundur Magnússon

frá Reyðarfirði,
fv. fræðslustjóri á Austurlandi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 8. júlí sl.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 20. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans, er bent á Parkinsonsamtökin eða Blindrafélagið.

Anna Arnbjörg Frímannsdóttir
Sigríður Guðmundsdóttir **Hermann Hermannsson**
Magnús Guðmundsson **Anna Dóra Árnadóttir**
Rósa Hrund Guðmundsdóttir **Jóhann Guðnason**
Guðmundur F. Guðmundsson **Anna Heiða Gunnarsdóttir**
Arnbjörg Guðmundsdóttir **Leó Geir Arnarson**
og fjölskyldur.

Guðmunda Rós Guðrúnardóttir sagnfræðingur og Sigríður Melrós Ólafsdóttir verkefnastjóri leiða gönguna.

MYND/ HILDUR INGA BJÖRNSDÓTTIR

Konur á stalli og bronsþakið

Minnismerki nafngreindra kvenna í Reykjavík verða heimsótt í kvöldgöngu á morgun.

arnartomas@frettabladid.is

Konur á stalli? er yfirheiti kvöldgöngu sem fer fram annað kvöld. Þar munu Guðmunda Rós Guðrúnardóttir sagnfræðingur og Sigríður Melrós Ólafsdóttir vísa veginn milli minnismerkja um nafngreindar konur í Reykjavík. Minnisvarðarnir eru ekki ýkja margir.

„Þetta er ein stytta í fullri mynd, ein brjóstmynd og svo tvö minnismerki sem eru umhverfisverk og skúlptúr," segir Guðmunda Rós um minnisvarðana sem flestir voru reistir á þessari öld. „Styttan af Ingibjörgu H. Bjarnason er nýjust, afhjúpuð 2015 á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Bríetarbrekka er minnismerki um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, afhjúpað 2007. Svo er það brjóstmynd Bjargar C. Thorláksson sem stendur við Háskóla Íslands og skúlptúr um Nínu Tryggvadóttur listakonu við Kjarvalsstaði."

Minnismerkið um Nínu Tryggvadóttur var reist um 1970 og er því eini minnisvarðinn sem var reistur á síðustu öld.

„Þetta er mjög skondið," segir Guðmunda Rós, sem mun í göngunni fræða gesti um ástæðurnar að baki því að styttur af nafngreindum konum eru jafnfáar og raun ber vitni.

Haldið frá almenningsrýmum

Guðmunda Rós segir að mikil vitundarvakning hafi orðið í kringum styttur á alþjóðavísu.

„Í Bretlandi voru frá 2016 til 2020 reistar held ég fjórtán styttur af nafngreindum konum. Það hefur verið mikil vitundarvakning um þennan kynjahalla í styttum landa og hið svokallaða bronsþak," segir hún um hugtakið sem vísar til þess að flestar styttur eru af körlum. „Konum hefur verið markvisst haldið frá almenningsrýmum samfélaga með því að vera ekki að reisa styttur þeim til heiðurs."

Þá hafa styttur oft verið reistar til heiðurs ónafngreindum konum eða hlutverki kvenna.

„Það er frekar verið að reisa styttur til heiðurs mæðrum, þar sem konur eru hópaðar saman, eða eitthvað annað almennt."

Úreltir minnisvarðar?

Í göngunni verður einnig velt fram spurningunni hvort styttur af nafngreindum einstaklingum séu á annað borð úrelt fyrirbæri.

„Sú spurning vaknaði í lok 20. aldarinnar," útskýrir Guðmunda Rós og bendir sem dæmi á umhverfislistaverk eins og Bríetarbrekku. „Listamenn fóru að vinna að því að gera verk sem eru ekki á stalli heldur tengja þau frekar í umhverfið og leyfa almenningi að vera hluti af þeim. Verkin eru svo lokuð af þegar þau eru á þessum stalli og almenningur nær ekki til þeirra. Það er frekar íhaldssamt og karllægt."

Þannig að baráttan um aukið jafnvægi kynja í minnismerkjum helst í hendur við þessa vitundarvakningu um umhverfið?

„Já, ég fór einmitt að pæla í því hvort Rauðsokkahreyfingin hefði eitthvað barist fyrir að fleiri styttur af konum væru reistar en fann ekkert um það," segir Guðmunda Rós. „Ég held að það tengist ábyggilega eitthvað því að þeim hefur ef til vill þótt þetta karllægt og gamaldags. En í dag er þetta aðeins að breytast, því þótt þetta sé gamaldags þá er mikilvægt að rétta þennan halla af."

Gangan hefst klukkan 19.30 við Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús og þátttaka er gjaldfrjáls. ■

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Rósa Septína Rósantsdóttir

Holtagötu 9, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri 7. júlí.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 19. júlí kl. 13.00.

Aðalheiður Signý Óladóttir **Sverrir Ólafur Benónýsson**
Sóley Björk Stefánsdóttir **Hallgrímur H. G. Jónasson**
Fanney Ösp Stefánsdóttir Aspar
ömmu- og langömmubörn.

†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

Guðbjörg Ríkharðsdóttir

Lækjargötu 26, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 7. júlí.
Útför fer fram í Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 26. júlí kl. 13.00.

Petra Vilhjálmsdóttir **Ingvar Arnarson**
Friðrik Snær Sigurgeirsson **Sunna Halla Einarsdóttir**
Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir **Ingvar Jónsson**
og barnabörn.

†

Móðir okkar og tengdamóðir,

Halldóra Elíasdóttir

Sléttuvegi 31,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 22. júní 2022.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir einstaka umönnun.

Valgerður Dan Jónsdóttir **Þorsteinn Gunnarsson**
Þuríður Dan Jónsdóttir **Guðmundur Rúnar Brynjarsson**
Þórir Dan Jónsson **Auður Ingólfsdóttir**
Margrét Dan Jónsdóttir **Jón Hróbjartsson**
börn og barnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

Kristbjörg Ámundadóttir

lést í faðmi ástvina sinna sl. laugardag á Hjartadeild Landspítalans.
Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 15. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikning Hjartadeildar Landspítalans.

Alda Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Linda Björk Gunnlaugsdóttir
Guðrún V. Ásgeirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Toppurinn í útivist

Hilleberg Nallo 2GT
2 manna göngutjald. 2,9kg
192.995,-

Vango Helvellyn 200
2 manna göngutjald. 2,8kg
41.995,-

Vango Scafell 200
2 manna göngutjald. 2,5kg
35.995,-

Vango Nevis 200
1 manns göngutjald. 2,0 kg
32.995,-

Vango Scafell 300 Plus
3 manna göngutjald. 3,6kg
53.995,-

Vango Winslow ii 500
Fjölskyldutjald. 5 manna
69.995,-

Vango Osiris Air 500
"Air Beam" súlur. 5 manna
165.995,-

Vango göngustafir
Margar gerðir
Verð frá 8.995,-

Mammut Lithium Speed 15
Frábær bakpoki í hlaupa og hjólaferðir
17.995,-

Mammut svefnpokar
Margar gerðir
Verð frá 22.995,-

Vango Aotrom
Létt og fyrirferðalítil dýna
18.995,-

Vango Ultralite Stove
Lítil og létt gaseldavél
5.495,-

Mammut Aconcagua Light
Milliag dömu. Polartec® Flís
21.995,-

Mammut Taiss
Léttar göngubuxur
25.995,-

Mammmut Ducan Low GTX
Léttir og góðir gönguskór
29.995,-

Northug Sunsetter
Flott glerugu á hjólið eða í hlaupin
15.995,-

Vango Magma Flask
500ml, 750ml, 1000ml.
Verð frá 2.795,-

FISCHER · RUDY PROJECT · KV+ · MAMMUT SWISS 1862 · STEVENS BIKES · alpina · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Hafnir Íslands (e) Heimildaþættir um hafnir Íslands og samfélög hafnarbyggða, þættirnir eru frá 2017 og voru í umsjón Lindu Blöndal og Friðþjófs Helgasonar.
19.30 Veiðin með Gunnari Bender (e)
20.00 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Hafnir Íslands (e)

RÚV Sjónvarp

13.00 Útsvar 2012-2013 Fjarðabyggð - Skagafjörður.
14.00 Í garðinum með Gurrý Haust
14.30 Nýjasta tækni og vísindi
14.55 Sumarlandinn
15.30 EM stofan Upphitun fyrir leik
15.50 Svíþjóð - Sviss Bein útsending frá leik á EM kvenna í fótbolta.
17.50 EM stofan Uppgjör á leik
18.10 Sumarlandabrot
18.15 KrakkaRÚV
18.16 Hundurinn Ibbi
18.20 Skotti og Fló
18.27 Lestrarhvutti
18.34 Sjóræningjarnir í næsta húsi
18.45 Lag dagsins Grýlurnar - Sísí.
18.52 Vikinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Sumarlandabrot
19.45 Keramik af kærleika Dreja - en kärlekshistoria
20.15 Pabbi, mamma og ADHD - Fyrri hluti Far, mor og ADHD Danskir heimildarþættir um fjölskyldur barna með athyglisbrest og ofvirkni, ADHD. Í þáttunum fylgjum við þremur fjölskyldum eftir í átta vikna meðferð þar sem foreldrarnir breyta atferli sínu og nýta sér sérstakar uppeldisaðferðir í von um að draga úr einkennum ADHD hjá börnum sínum.
21.00 Versalir Versailles
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lífið í Írak Once Upon a Time in Iraq
23.20 Ráðherrann
00.15 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
14.00 The Block
15.00 How We Roll
15.25 Ræktum garðinn
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Kenan
19.40 The Neighborhood
20.10 George Clarke's Remarkable Renovations Arkitektinn George Clarke er mættur aftur og heimsækir fólk sem að hefur endurnýjað og gert upp gömul hús og gefið þeim nýtt líf.
21.05 Transplant
21.55 Annika
22.45 Love Island
23.30 The Late Late Show
00.15 FBI
01.00 The Rookie
01.45 Impeachment
02.30 The L Word. Generation Q
03.25 Love Island
04.10 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Manifest
10.00 The Great British Bake Off
11.00 Matargleði Evu
11.25 Gulli byggir
12.00 Um land allt
12.35 Nágrannar
12.55 Ísskápastríð
13.30 Blokk 925
13.50 Suits
14.35 Temptation Island
15.15 Flúr & fólk
15.35 Fósturbörn
16.00 Lóa Pind. Örir íslendingar
16.45 Flirty Dancing
17.25 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.50 Æði
19.10 Backyard Envy
19.55 The Good Doctor
20.35 Coroner
21.20 Unforgettable
22.05 The Sinner
22.45 Animal Kingdom
23.30 Quiz
00.20 The Mentalist
01.00 Manifest
01.40 Suits
02.25 Temptation Island
03.05 Flirty Dancing

Sir Arnar Gauti fer um víðan völl

Lífsstílsþátturinn með Sir Arnari Gauta er á sínum stað á dagskrá Hringbrautar í kvöld, en þar sprangar lífskúnstnerinn sá arna um borg og bæi og kynnir sér allt sem lýtur að hönnun og arkitektúr. Þættirnir hafa verið á dagskrá Hringbrautar um nokkurra missera skeið – og það hefur aldrei verið skortur á því sem skoðunarvert er í þessum geira samfélagsins. Þáttur kvöldsins hefst klukkan 20.00.

Krossgáta

LÁRÉTT
1 fluga
5 sjálf
6 tveir eins
8 vanrækja
10 samtök
11 vafstur
12 leikur
13 æðri
15 spilltur
17 ílát

LÓÐRÉTT
1 myndhverfing
2 eggja
3 kvk. nafn
4 ólíkar
7 vél
9 eindregin
12 óvinveittur
14 hríð
16 tveir eins

LÁRÉTT: **1** mölmý, 5 egó, 6 mm, 8 trassa, 10 aa, 11 vas, 12 hark, 13 ofar, 15 rotinn, 17 kanna.
LÓÐRÉTT: **1** metafor, 2 ógra, 3 Ioa, 4 ýmsar, 7 maskína, 9 svarin, 12 hata, 14 fok, 16 nn.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Simon Ansell (2.334) átti leik gegn Luksz Cyborovski (2.505) í bresku deildakeppninni 2020.

29. Bf6 og vann um síðir. Hann missti hins vegar af afar fallegri vinningsleið.
29. Dg7+!! Bxg7 30. hxg7 h5 31. Rh6+ Kh7 32. Rxf7 Hxh8 33. gxh8D+ Hxh8 34. R3g5+ Kg8 35. Hxe6! og þótt ótrúlegt sé er svartur varnarlaus t.d. eftir **35...Rf8 36. He8 eða 35...Rd4 36. Rxh8.**

www.skak.is: Allar helstu skákfréttirnar.

Sudoku

				6				
9	4		7	2			3	
7	5	1	9		4			
		9			6			2
4	7		2			1	9	
	8		1	7		3		5
				4		8		7
8		4				2		9
1								

		5						
	4				3		1	
1		7	8					
9			1		4	8		6
		6		5				3
					8			
6	5	4		8			9	
2			5		9	4		
					1		8	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Föstudaginn 29. júlí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

Maraþon

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ruth, markaðsfulltrúi
Sími 694 4103/ ruth@frettabladid.is

SVÖRTU SANDA PARTÝ

Í tilefni af 50 ára afmæli Icewear

Á MORGUN MILLI KLUKKAN 17-19

VIÐ VERSLUN ICEWEAR Í VÍK

TÍSKUSÝNING &
TÓNLISTARATRIÐI Á STRÖNDINNI
- Páll Óskar
- Ragga Gísla
- Magnús Kjartan
- DJ Hlynur

FJÖR FYRIR BÖRNIN
- Andlitsmálning
- Glaðningur fyrir káta krakka
- Kastali
- Gotterí og fleira

ICEWEAR ·ICELAND·

Þegar bók verður að bíómynd

Kvikmyndahöfundar fá innblástur úr alls konar áttum og vinsælt form er að aðlaga bækur bíótjaldi. Við lítum yfir nýleg dæmi.

ninarichter@frettabladid.is

Árið 2022 er mikið uppskeruár í kvikmyndabransanum. Geirinn tekur við sér þegar raknar úr flækjum og töfum vegna heimsfaraldurs.

Fjöldi bókmenntaverka ratar á hvíta tjaldið á þessu ári og nærtækasta dæmið er kvikmynd Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, Svar við bréfi Helgu, sem er aðlögun á samnefndri skáldsögu Bergsveins Birgissonar frá árinu 2010.

Framleiðendur sjónvarpsþátta hafa einnig unnið með formið. Þar er Anatomy of a Scandal frá Netflix nýlegt dæmi og Normal People og Conversations with friends frá Hulu, eftir írska ungstirnið Sally Rooney.

Þetta er auðvitað frábært kaffistofufóður fyrir mismerkilegar rökræður um hvort bókin sé betri en bíómyndin og svo umræður þar ofan á um hvort slíkur samanburður eigi rétt á sér. ■

Kvikmynd Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, Svar við bréfi Helgu, er byggð á samnefndri bók. MYND/AÐSEND

Svar við bréfi Helgu

Ása Helga Hjörleifsdóttir, leikstjóri Svansins, frumsýnir í byrjun september aðlögun hinnar fantavinsælu Svar við bréfi Helgu.

Handrit myndarinnar byggir á samnefndri bók eftir Bergsvein Birgisson, sem fjallar um ungan bónda sem verður ástfanginn af konu á næsta bæ. Sagan spannar ástríðufullt og forboðið ástarsamband og gerist á Ströndum á fimmta áratugnum.

Myndin skartar stórskotaliði íslenskra leikara í aðalhlutverkum, þeim Anítu Briem, Heru Hilmarsdóttur og Þorvaldi Davíð Kristjánssyni.

Under the banner of heaven

Under the banner of heaven er sannsöguleg glæpasaga bandaríska höfundarins Jon Krakauer, sem skrifaði einnig Into the Wild, sanna sögu sem byggir á dagbókarskrifum Christofer McCandless. Sú bók var aðlöguð fyrir hvíta tjaldið árið 2007. Under the banner of heaven er örsería sem byggist í kringum hryllilegt morð á móður og ungbarni sem afhjúpar sjúka spillingu innan mormónasamfélagsins í Bandaríkjunum.

Maður sem heitir Ove

Hin geysivinsæla Maður sem heitir Ove, eftir sænska höfundinn Fredrik Backman, er nú aðlöguð í annað sinn. Ove er með of stórt hjarta, bæði bókstaflega og í líkingunni. Svíar framleiddu útgáfu árið 2015 með Sven Lassgård í aðalhlutverki, en nú ætlar Hollywood af stað með – hvern annan en Tom Hanks í fararbroddi, og Ove er orðinn Otto. Myndin kemur út rétt fyrir jól. Þjóðleikhúsið sýndi einleiksverk byggt á bókinni árið 2016.

She said

Fæðing #Metoo-hreyfingarinnar er rakin í kvikmyndinni She said. Rannsóknarblaðamennirnir Megan Twohey og Jodi Kantor fengu Pulitzer-verðlaunin fyrir samnefnda bók sem tekur saman störf þeirra við að afhjúpa kynferðisbrotamanninn Harvey Weinstein, sem gegndi hárri stöðu í kvikmyndabransanum í Hollywood. Carey Mulligan og Zoe Kazan fara með aðalhlutverk í kvikmyndaaðlögun verksins sem kemur í kvikmyndahús vestra í nóvember.

Luckiest Girl Alive

Mila Kunis, sem sló í gegn í That 70s show, fer með aðalhlutverk auk þess að vera framleiðandi kvikmyndarinnar Luckiest Girl Alive. Myndin byggir á samnefndri bók eftir Jessicu Knoll og fjallar um konu sem byggir upp líf sitt eftir nauðgun á unglingsárunum. Höfundur byggir söguna á eigin reynslu. Myndin kemur út á Netflix síðar á árinu.

Salem's lot

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að kvikmynda hryllingssögu Stephens King frá 1975, Salem's lot, bæði fyrir sjónvarp og hvíta tjaldið. Salem's lot er önnur bók metsöluhöfundarins en síðan hafa þær orðið sextíu og fjórar auk hundraða smásagna og fjölda annarra verka. Þess má til gamans geta að bókin er eftirlætisverk höfundarins. Myndin átti upphaflega að koma út í september en vegna seinkana er hennar ekki að vænta fyrr en í vor.

Where the Crawdads sing

Bandaríska stjörnuleikkonan Reese Witherspoon er meðal framleiðenda á kvikmyndaaðlögun metsölubókar bandaríska höfundarins Deliu Owens frá 2018. Where the Crawdads sing hverfist um persónuna Kyu, einstæðing sem missir foreldra sína ung. Kya lifir einmanalegu lífi í mýrlendi Norður-Karólínuríkis fram á fullorðinsár, þegar hún hittir ungan mann og þau hefja ástarsamband. Þegar maðurinn finnst myrtur beinast böndin að henni. Bandaríska poppstjarnan Taylor Swift samdi lag fyrir kvikmyndina sem ber titilinn Carolina.

Flúði með tölvurnar í hellinn vegna hita

ninarichter@frettabladid.is

Yfirvöld á Kanaríeyjum senda nú út viðvaranir til ferðamanna vegna hitabylgju sem gengur þar yfir. Íslensk kona, sem er búsett á Gran Canaria hluta af ári, lýsir lamandi hita. Meðalhiti á eyjunum í júlí er í kringum 25 gráður og almennt lítið um hitasveiflur, sem útskýrir að vissu leyti vinsældir svæðisins sem áfangastaðar ferðamanna. Slíkur hiti er því óvenjulegur.

„Ég kom heim á laugardagskvöldið og var fram eftir laugardegi. Ég dvel mikið þarna úti," segir Kristín Magna Sigurjónsdóttir, ljósmyndari og fjölmiðlakona, sem rekur fréttasíðuna Trölli.is og útvarpsstöðina FM Trölla.

„Það er svakalega heitt, þetta er svona lamandi hiti. Ég veit að fjallvegirnir voru lokaðir vegna brunahættu. Fjallvegum er ekki lokað þarna vegna ófærðar heldur vegna þurrka og hita," segir hún. „Ég hef eiginlega aldrei upplifað svona hita þarna sjálf. Á sunnudaginn fór hitinn upp í 42 gráður," segir hún.

Hjónin keyptu tvo hella á Kanaríeyjum fyrir nokkrum árum og komu þar fyrir fullbúnu íbúðarhúsnæði. Þá eiga þau 25 þúsund fermetra land á svæðinu. Hitinn í hellinum er 20–25 gráður og er staðurinn sjálfbær með rafmagn, knúinn af sólarpanel, sem eiginmaður hennar, Gunnar Smári Helgason, kom fyrir á staðnum.

Það fer vel um hjónin Kristínu og Gunnar á Kanaríeyjum, en hitinn setti þó heldur óvenjulegt strik í reikninginn á dögunum. MYND/AÐSEND

„Maðurinn minn er úti núna. Hann vinnur við forritun og hann gat hvergi orðið unnið. Hann fór því með allt sitt hafurtask inn í annan hellinn af því að þar er 25 gráðu hiti," útskýrir Kristín. Hjónin eru með veðurathugunarstöð á svæðinu og mælingar frá sunnudeginum sýndu aðeins 5 prósenta rakastig. „Við þurftum að fljúga á milli Gran Canaria og Tenerife og það var ólíft í flugvélinni," segir hún.

Ástandið hefur skánað lítillega og í gær var hitinn í kringum 32 gráður og rakastigið komið upp í 42 prósent.

„Það var yndislegt að koma heim í rigninguna," segir Kristín. ■

Sumarleikur
Heimsferða og Fréttablaðsins

Viltu vinna sólarlandaferð?

Skannaðu kóðann
og skráðu þig til leiks

frettabladid.is/
kynningar/sumarleikur

Fullt af glæsilegum vinningum í boði frá

Heimsferðir · A4 · BASE PARKING · icepharma · ZO·ON ICELAND · ARTASAN · flybus by ICELANDIA

Dregið verður út
29. júlí

Fjölskyldan, tjaldvagninn og hundurinn

Hvert á að fara?

Sumarið er tíminn. Til þess að ferðast um landið, og Fréttablaðið leitar því ráða hjá reyndu útivistarfólki þar sem einfaldlega er spurt: Hvert á að fara í sumar?

ninarichter@frettabladid.is

Stefán Broddi Guðjónsson er nýr sveitarstjóri Borgarbyggðar. Hann er útivistarmaður frá Borgarnesi sem kveðst hafa haft gaman af því að ferðast um landið með fjölskyldunni frá unga aldri og hafa viðhaldið þeirri hefð allar götur síðan. „Síðan ég var strákur hef ég notið þess hve fjölskyldan var dugleg að ferðast."

Hann segir ferðalögin þó hafa farið í smápásu á unglingsárum og snemma á fullorðinsárunum.

Hann segir sterkustu minningar fjölskyldunnar í dag vera frá ferðalögum í íslensku sumri. „Fjölskyldan, tjaldvagninn og hundurinn úti í náttúrunni. Það er greypt í okkar vitund að vera úti í fallegu umhverfi," segir hann.

Að sögn Stefáns heillast hann af hverjum stað sem hann sækir heim. „Það skiptir engu máli hvert ég fer á Íslandi. Ég segi alltaf: Þetta er æðislegur staður, hérna er örugglega næs að búa," segir hann glaðbeittur. „Ísland er svolítið þannig að það er best að vera á Íslandi þar sem veðrið er best."

Hann minnist veiðiferða á Arnarvatnsheiði og þá bætir hann við að yndislegt sé að vera með fjölskyldunni í Húsafelli.

Stefán Broddi Guðjónsson, nýr sveitarstjóri í Borgarbyggð.

Síðasta sumar fór Stefán að Öskju í fyrsta sinn. „Ég fór í veðri sem maður hefur bara upplifað á suðrænum slóðum," segir hann.

Stefán stundar útivist í heimabyggð og nýtir sér göngustíg sem liggur nánast hringinn í kringum bæinn. „Þar er ofboðslega gaman að labba og hlaupa. Þarna getur maður gengið nánast hringinn í kringum Borgarnes og í áttina upp í Einkunnir, sem er skammt fyrir ofan golfvöllinn og hestamannasvæðið," segir hann. „Þar er heilmikil útivistarperla okkar Borgnesinga." ■

Lífið innan veggja Litla-Hrauns birtist lesendum ljóslifandi í nýrri bók Sigurðar Gunnarssonar, járnsmiðs og hagfræðings, sem þekkir tukthúsvistina af eigin raun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skrifar um lífið á Hrauninu

Dagbók úr fangelsi lýsir lífinu innan veggja Litla-Hrauns, mánuðina sem höfundur dvaldi þar á meðal dæmdra þjófa, ofbeldismanna og barnaníðinga.

ser@frettabladid.is

Það er ekki á hverjum degi sem lesendur geta komið sér inn fyrir háa og þykka veggi eins sögufrægasta fangelsis á Íslandi, en fyrir tilstilli járnsmiðsins og hagfræðingsins Sigurðar Gunnarssonar á Seyðisfirði hefur dyrum þess nú verið lokið upp – og fyrir vikið blasir lífið í tukthúsinu við, í allri sinni raunalegu mynd, þótt samfélagið þar um slóðir geti líka verið fagurt á sinn máta.

Það er bókaforlagið Skrudda sem gefur Dagbók úr fangelsi út, en bókin er byggð á fjórum löngum blaðagreinum sem Sigurður reit á sínum tíma í DV og vöktu athygli, enda dró hann þar ekkert undan í lýsingum sínum á aðstæðum í fangelsinu.

> Í þetta skipti hafði hann verið gripinn fyrir utan Ráðhúsið með tölvu í fanginu, klæddur í jakka eins starfsmannsins.

Enginn afsláttur af vaskinum

„Ég hélt dagbók alla mína daga sem ég afplánaði austur á Eyrarbakka," segir Sigurður í samtali við blaðið, „en það var gert að beiðni vinar míns sem hvatti mig til skriftanna. Ég sendi honum svo afraksturinn nokkrum sinnum meðan á yfirbótunum stóð," bætir hann við, en tukthúsvistin stóð yfir í hálft ár frá vormánuðum 2003 fram í vetrarbyrjun.

Hann sat inni fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti úr sjóðum fyrirtækis sem hann var ábyrgur fyrir. „Og það er enginn afsláttur gefinn af vaskinum, vinur minn," segir Sigurður og minnir á að brot af því taginu þýði tukthúsvist „og eru ekki óskilorðsbundin."

Og þá er bara að mæta á tilsettum tíma á komudeildina á Skólavörðustígnum, sem þá var og hét – og hátta sig frammi fyrir yfirvaldinu.

Keyrði austur með Lalla Johns

„Svo var okkur ekið austur á Litla-Hraun á tilsettum tíma," rifjar Sigurður upp, en ferðafélagi hans í þeirri bifreiðinni var enginn annar en Lalli Johns – og sá var fráleitt að fara í fyrsta skipti austur.

„Ætli það nú," segir Sigurður en ber Lalla vel söguna. „Í þetta skipti hafði hann verið gripinn fyrir utan Ráðhúsið með tölvu í fanginu, klæddur í jakka eins starfsmannsins – og það er víst ekki samkvæmt lögum," rifjar Sigurður upp og kveðst strax við fyrstu kynni hafa líkað vel við Lalla, en hann sé ljúfur karl og viðræðugóður, „og bara alger öðlingur."

Hann segir bókina lýsa einstaklega sérstakri reynslu. „Þetta er rosalegur heimur og þetta er lokaður heimur," segir höfundurinn og leggur þunga í þessi orð sín. „Og líðan fanganna er mjög misjöfn. Flestir eru beygðir og aðrir upplifa mikla niðurlægingu eftir að hafa verið refsað margsinnis – og finnst sem þeir eigi ekki nokkurn rétt," segir hann enn fremur.

Klíkan ræður öllu

„En ég náði trúnaði margra fanganna. Þeir voru ekki hræddir við mig, heldur treystu mér fyrir sínum málum. Svo sem einn fársjúkur gamall maður sem átti ekkert lengur heima í fangelsi. Og mörgum þessara manna hjálpaði ég við að skrifa kerfinu bréf, svo sem embættismannakerfinu sem öllu ræður um það hvort þessir menn fá reynslulausn eða ekki. Við þessar bréfaskriftir komst ég að því að embættismönnum eru færð alveg ótrúleg völd hvað réttindi fanga varðar og hvernig þeir skulu fullnusta dóm sinn."

Hann segir dagana í fangelsi líða með sínum hætti. „Ég var bara í mínum klefa, en fyrir utan hann, á sjálfum ganginum, gat allt gerst, enda voru þar fyrir á fleti sjö perrar sem menn virtust hafa heimild til að berja til óbóta. Öllum öðrum föngum fannst þeir hafa fengið alltof stutta dóma, svo það þurfti að refsa þeim enn frekar," rifjar höfundur bókarinnar upp og er reynslunni ríkari. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

ÚTSALA

Köttum niður verðið

Parket
30-50%
afsláttur

40%

FERRO
Eldhústæki
Ferro Zumba.
7810100
11.390kr
~~19.990kr~~

30%

OUTBACK
Gasgrill Graphite 3b
Grillflötur: 56x38 cm, með þremur ryðfríum brennurum og hliðarhellu, afköst 12,4 kW, hliðarhellu 3,1 kW.
3000390
34.990kr
~~49.990kr~~

OUTBACK
Enn meiri verðlækkun
Graphite gasgrill

40%

LAUFEN
Veggskál+seta
Pro-N. 7920021
39.990kr
~~67.790kr~~

30%

BLACK+DECKER
Rafmagnshekkklippur
500W, blað 50 cm, klippigeta 22 mm. 5083646
12.590kr
~~17.995kr~~

60%

damixa™
Sturtusett
Rowan m/sápuskál.
8000237
8.590kr
~~21.590kr~~

B
36%

BERK
Þvottavél 1400 sn.
8 kg, 14 mismunandi þvottakerfi.
Hljóðstyrkur 57dB, í vindu 79dB.
Stærð: 85x47x59,5 cm. 1860471
49.990kr
~~78.990kr~~

Skoðaðu RISA útsölublaðið á husa.is

Sumarblóm
50% afsláttur

Trjáplöntur
50% afsláttur

Fjölærar plöntur
50% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Það er góð byrjun að vera hjá TM

TM

Bakþankar

Önnu Sigrúnar Baldursdóttur

Ganga

Ég sé það á samfélagsmiðlum að margir hafa notað tækifærið í sumarfríinu og gengið sér til heilsubótar. Notað tækifærið til andlegrar íhugunar um stöðu sína í samfélaginu, framtíðina og jafnvel tilgang lífsins. Í andlegri yfirbót með þjáningum í formi örþreytu og blóðugra blöðru-þakinna ilja. En öll koma þau aftur, gengin upp að hnjám en endurnærð á sál, eitthvað minna á líkama. Búin að endurnýja sambandið við sjálfið, tengja í jörð í algerri núvitund.

Ég hef úr fjarska dáðst að þessu fólki, seiglunni og staðfestunni. Séð sjálfa mig fyrir mér í þessari stöðu, einbeitt á sárum iljum, leysandi lífsgátuna milli þess sem ég íhuga framtíðina og skil fortíðina eftir í hverju gengnu skrefi. Allt mjög skáldlegt, djúpt og áhrifamikið. Sá þetta reyndar ekki gerast í nánustu framtíð enda ekkert fyrir göngur svona almennt. Eða yfirleitt, svo ég segi satt frá.

En svona getur nú lífið verið furðulegt og einmitt í dag lauk ég göngu yfir England, alls um 300 kílómetrum í fjölbreyttu landslagi og öllum veðrum. Þetta var mikil reynsla, en spurningin sem helst ásótti mig var hvernig ég lenti eiginlega í þessari göngu og því náði ég ekki að klára þetta með tilgang lífsins og lesendur verða því að geta sér til um hann. Ég hins vegar kann nú ógrynni af pabbabröndurum, alla Halla og Ladda-plötuna „Fyrr má nú aldeilis fyrr vera“ og er ósigrandi í Frúnni í Hamborg. Áherslur göngugarpanna fimm sem í ferðinni voru (einn 11, aðrir 50+) kunna að hafa ráðið einhverju.

Ég er samt ekki viss. ■

UMHVERFISMERKI

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF
UMHVERFISVÆN PRENTUN
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is